



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Félags- og mannvísindadeild

MA-ritgerð

náms- og starfsráðgjöf

**Stuðningur og hvatning foreldra til
framhaldsskólagöngu barna sinna:**

Skiptir búseta máli?

Líney Björg Sigurðardóttir

Október 2010

Leiðbeinandi: Kristjana Stella Blöndal og Dr. Sif Einarsdóttir

Nemandi: Líney Björg Sigurðardóttir

Kennitala: 041172-5339

Útdráttur

Tilgangur rannsóknarinnar var að athuga hvort munur væri á stuðningi foreldra við nám barna sinna í grunnskóla og hvatningu til framhaldsskólagöngu þeirra eftir búsetu, það er í Reykjavík og á Vestfjörðum. Rannsóknin var unnin að mestu 2009-2010. Spurningalisti var sendur rafrænt til 276 foreldra barna í 8.-10. bekk grunnskóla og svöruðu 167 eða 60%. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að ekki er munur á því hvort foreldrar styðja börn sín í námi og til frekara náms eftir búsetu. Munur kemur fram á því hvort foreldrar telja að kostnaður geti haft áhrif á val framhaldsskóla og hvort þeir telja sig missa tengsl við barnið sitt ef það fer í framhaldsskóla, eftir búsetu. Foreldrar á Vestfjörðum telja frekar en foreldrar í Reykjavík að kostnaður hafi áhrif á val á framhaldsskóla og að tengsl minnki við fjölskyldu ef barn þeirra fer í framhaldsnám. Niðurstöður rannsóknarinnar styðja fyrri rannsóknir sem gerðar hafa verið á þessu sviði um að foreldrar styðja börn sín í námi og hvetja þau til frekara náms. Vonast er til að niðurstöðurnar nýtist sem innlegg í umræður um mikilvægi framhaldsskóla í heimabyggð og að foreldrar haldi áfram að styðja börn sín í námi og til frekara náms.

Abstract

The main purpose of this study is to test if there is a difference in parental support and expectations of high school students further educational pursuit in urban and rural area (Norh west, consisting mostly by small fishing villages) in Iceland. The rural area of interest is characterised by difficult acess and lack of variety in upper secondary education available. Additionally, the education level of parents is lower and employment possibilities less diverse than in the capital chosen for comparison. A questionnaire was sent out by e-mail to 276 parents, 167 resspended or 60%. The results show that, there is no difference between the parental support and educational expectations between the rural and urban areas. However, there is a clear difference in the parents evaluations of how much effect financial cost has on the selection of a upper secondary eduction schools and whether the parents believe that they will lose connection to their children if they move away for school. The results of this study support earlier research, which have been conducted on this subject, that parents do support their children in their studies and support them to pursue upper secondary education. I hope that these results will be a useful input into the discussion about the importance of establishing uppers secondary schools closer to the students home to reduce fear for loss of connection and too high cost for parents and students.

Formáli

Rannsókn þessi er 30 ECTA eininga lokaverkefni til meistaraþrófs í náms- og starfsráðgjöf við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Hún var unnin að mestu á tímabilinu 2009-2010. Kannaður var stuðningur foreldra í námi barna sinna og hvatningu til frekara náms að loknum grunnskóla, í Reykjavík og í smærri byggðarlögum á Vestfjörðum.

Áhugi minn á þessu efni tengist bæði persónulegri reynslu og fræðilegum áhuga á efninu. Tengsl mín við Vestfirði eru mikil en þar er ég fædd og uppalin. Ég fór í heimavistarskóla á svæðinu til að ljúka skólaskyldu á grunnskólastigi og hélt áfram þar næstu tvö árin, á framhaldsskólastigi. Eftir það lá leið mín til Reykjavíkur til þess að ljúka námi, þar er ég enn. Foreldrar mínir hafa alltaf stutt mig og okkur systkinin, hvatt okkur áfram í námi og til frekara náms á því sviði sem hvert okkar hafði áhuga á. Ég fann fljótt að það gerðu ekki allir foreldrar og sá að ég bjó við góðar aðstæður, fyrir það er ég þeim ævinlega þakklát. Áhugi á landsbyggðarmálum og skólamálum almennt er einnig hluti af kveikju að þessu verkefni.

Leiðbeinendur mínir við rannsóknina voru Kristjana Stella Blöndal, lektor og Dr. Sif Einarsdóttir, dósent í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands. Þeim vil ég þakka kærlega fyrir trygga og góða leiðsögn, ómetanlegan stuðning, hvatningu og gott samstarf. Allir þeir sem tóku þátt í rannsókninni fá sérstakar þakkir því án þeirra væri engin rannsókn. Vinum og ættingjum sem tóku þátt í forprófun á spurningalistanum þakka ég kærlega fyrir góðar og gagnlegar ábendingar. Fjölskylda mín og vinir fá líka þakkir fyrir yfirlestur, stuðning og hvatningu.

Að lokum vil ég þakka eiginmanni mínum, Atla Má, og sonum, Guðjóni Má og Arnóri Má, sérstaklega fyrir endalausa þolinmæði, stuðning, hvatningu og að hafa trú á að ég myndi klára það sem ég byrjaði á. Litla skottan mín, Arney Sjöfn, fær stórt knús fyrir að vera ljúf og góð.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Abstract	4
Formáli	5
Yfirlit yfir töflur	7
1. Inngangur	8
1.1 Atvinnu- og menntamöguleikar ungs fólks á landsbyggðinni	9
Mikilvægi skóla á landsbyggðinni	11
1.2 Foreldrar hafa áhrif	16
Kenningar um starfsþroska barna	19
Habitus	20
1.3 Stuðningur og hvatning foreldra til framhaldsnáms barna	21
2. Aðferð	27
2.1 Þátttakendur	27
2.2 Mælitæki	28
2.3 Framkvæmd	29
3. Niðurstöður	30
3.1 Þáttagreining á spurningum um stuðning og hvatningu	30
3.2 Stuðningur og hvatning foreldra	33
3.2 Væntingar foreldra til framhaldsnáms	35
3.3 Kostnaður vegna framhaldsnáms	36
3.4 Að missa tengsl við barnið sitt	37
4. Umræða	39
Heimildaskrá	45
Fylgiskjöl	50
Fylgiskjal 1	50
Fylgiskjal 2	51

Yfirlit yfir töflur

Tafla 1. Niðurstöður þáttagreiningar á stuðningi og hvatningu foreldra.....	31
Tafla 2. Meðaltal svara foreldra eftir búsetu og menntun	33
Tafla 3. Mér finnst mikilvægt að barnið mitt ljúki	35
Tafla 4. Kostnaður vegna framhaldsnáms	36
Tafla 5. Tengsl barns við fjölskyldu.....	37

1. Inngangur

Þjóðfélagsbreytingar og alþjóðavæðing eru orð sem hafa hljómað á hvers manns vörum síðustu ár – og margt hefur breyst á þessum tíma. Á landsbyggðinni sést það skýrast í atvinnulífinu því á síðustu árum hefur störfum í frumvinnslugreinum fækkað verulega, sem eru megin atvinnugreinar landsbyggðarinnar. Þetta hefur áhrif á búsetu fólks og þá sérstaklega á þann hóp sem er vaxtabroddur hvers byggðalags, það er fólk milli tvítugs og þrítugs (Aðalsteinn Þorsteinsson, 2007; Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, 2001). Í byggðaumræðu hér á landi hafa tengsl starfa, menntunar og búsetu verið lykilatriðin. Þar hefur landsbyggðin þurft að lúta í lægra haldi fyrir höfuðborgarsvæðinu (Hagstofa Íslands, 2007) því lítið aðdráttarafl er þar fyrir menntað fólk. Nýútskrifaður háskólanemandi hefur oftast en ekki lítið val um það hvar hann sækir um starf. Sá sem alinn er upp úti á landi og langar að snúa þangað aftur getur í flestum tilfellum ekki sótt um stöðu hjá fyrirtæki á staðnum, heldur þarf að búa sér til starf og vona að það gangi upp. Eins og staðan er í dag þá hefur höfuðborgarsvæðið öflugasta tilkall til menntaðra einstaklinga (Axel Hall, Ásgeir Jónsson og Sveinn Agnarsson, 2002; Gerður G. Óskarsdóttir, 1995).

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands, seinustu ár, hefja langflestir 16 ára nemendur hér á landi framhaldsskólanám strax að loknum grunnskóla. Árið 2009 hóf 96% árgangsins nám í framhaldsskóla (Hagstofa Íslands, e.d.a.; b.). Brotthvarf nemenda frá námi er hins vegar mikið hér á landi. Árið 2000 höfðu um 30% nemenda á aldrinum 20-24 ára ekki lokið framhaldsskóla á Íslandi en hlutfallið var að meðaltali 18% meðal OECD-landanna (OECD, 2002). Íslenskar rannsóknir á brotthvarfi nemenda sem fæddir voru 1969 og 1975 sýna að um 40% þeirra hafði ekki lokið námi við 24 ára aldur (Jón Torfi Jónasson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 1992; Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002).

Í brotthvarfsrannsókn Jóns Torfa Jónassonar og Kristjönu Stellu Blöndal (2002) á einstaklingum fæddum 1975 kemur fram að skýr munur virðist vera á námsstöðu þeirra við 24 ára aldur eftir búsetu. Sem dæmi má taka að um 16% 24

ára einstaklinga á Vestfjörðum höfðu aldrei skráð sig í framhaldsskóla eftir grunnskóla á móti 5% í Reykjavík. 34% nemenda á Vestfjörðum höfðu hætt skóla án þess að ljúka prófi á móti 28% í Reykjavík. Ef niðurstöður rannsóknar Jóns Torfa og Kristjönu Stelli eru skoðaðar virðast margar ástæður liggja að baki brotthvarfs; til dæmis nálægð við framhaldsskóla, það er að fólk á höfuðborgarsvæðinu var líklegra en fólk á landsbyggðinni til að hafa lokið framhaldsskóla 24 ára, námsárangur á samræmdu grunnskólaprófi í íslensku og stærðfræði, menntun foreldra, að leiðast í námi og peningavandræði. Jafnframt hefur komið fram í íslenskum rannsóknum á brotthvarfi nemenda úr framhaldsskólum að stuðningur og hvatning foreldra til náms barna þeirra skiptir máli, það er nemendur eru líklegri til að ljúka námi sem telja sig fá námslegan stuðning frá foreldrum sínum (Jón Torfi Jónasson og Guðbjörg Andrea Jónasdóttir, 1992; Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002; Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2005). Í rannsókn Ernu G. Árnadóttur (2007) kemur fram að ungmenni vilja fá hvatningu frá foreldrum og telja hana eina af undirstöðum þess að þeim gangi vel í námi.

Markmið þessarar rannsóknar er að athuga hvort munur er á stuðningi foreldra við nám barna sinna í grunnskóla og hvatningu til framhaldsskólanáms foreldra eftir búsetu – í Reykjavík og á Vestfjörðum, fyrir utan Ísafjörð þar sem foreldrar þar búa við aðrar aðstæður hvað snertir aðgengi að framhaldsskólanámi en aðrir foreldrar á Vestfjörðum. Gæti verið að foreldrar í þorpum á Vestfjörðum séu jafnvel hræddir um að missa tengsl við barnið sitt ef það fer í framhaldsnám? Ungmenni á landsbyggðinni þurfa oft á tíðum að flytja að heiman til þess að sækja framhaldsnám og foreldrar eiga ekki allir auðvelt með að sleppa takinu af þeim aðeins 16 ára gömlum (Björg Ágústsdóttir, 2006; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2006).

1.1 Atvinnu- og menntamöguleikar ungs fólks á landsbyggðinni

Búfesta fólks er mismunandi eftir aldri og menntun. Fólk á þrítugsaldri flytur mest á milli landsvæða í leit að vinnu við hæfi eða að stað til að mennta sig á. Talið er að eftir að þrítugsaldri er náð og fólk hefur komið sér fyrir sé það ólíklegra til að flytja, að minnsta kosti á milli landsvæða, áður en starfsævin er á enda (Axel Hall,

Ásgeir Jónsson og Sveinn Agnarsson, 2002; Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, 2001). Framhaldsskóli þar sem nemendur geta tekið lokapróf er einn þáttur sem talið er að haldi í ungt fólk á hverjum stað. Það að nemandi geti lokið námi á því svæði sem hann býr á eykur líkurnar á því að hann setjist þar að og skapi sér tækifæri á vinnumarkaðinum (Björg Ágústsdóttir, 2006; Efnahags- og viðskiptaráðuneytið, 2003; Helga M. Steinsson, 2001).

Á síðustu tveimur áratugum hefur það verið kappsmál Íslendinga að bæta vegakerfið og stytta fjarlægðir á milli staða. Það er trú manna að greiðar samgöngur séu forsenda þess að halda landinu í byggð. En á sama tíma og samgöngur batna aukast fólksflutningar til höfuðborgarsvæðisins á kostnað smærri byggðakjarna. Flestir smærri staðir á landsbyggðinni byggja á frumvinnslu, það er á sjávarútvegi og landbúnaði. Í kringum þessi störf mynduðust ýmis önnur þjónustustörf sem sköpuðu fjölbreytni í atvinnulífinu. Með bættum samgöngum hefur þetta breyst, litlar verslanir og þjónustufyrirtæki hafa hætt og lítið annað stendur eftir en störf í frumvinnslu sem skapar fábreytni í atvinnulífinu sem er oft helsta ástæða þess að fólk flytur á brott (Ásgeir Jónsson, 2001).

Talað er um að einkum fjórar orsakir valdi þeim breytingum sem nú eru að verða á byggðamynstrinu og hafa leitt til mikillar fólksfækkunar á landsbyggðinni. Það eru: *Breytingar á landbúnaði*, vélvæðing og breytt rekstrareining sem leiðir til þess að færri fólk þarf á hvert bú. *Fiskveiðar*, breytt skip og framleiðsluhættir. Skip geta siglt lengra og aflinn er unninn um borð þar af leiðandi eru færri störf í landi og fólk flyst burt – með því minnkar einnig undirlag fyrir til dæmis skóla, verslun og þjónustu og úr verður vítahringur – fleiri flytja burtu. *Aukinn hluti þekkingar* í framleiðslu, það er þekking sem liggur í þeirri tækni sem notuð er við framleiðslu til dæmis í vélum, verkþekkingu og markaðssetningu. Þetta leiðir til hagræðingar – störfum tengdum framleiðslu fækkar. *Breytt gildismat fólks*, vægi þess hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár og á það helst við breytt gildismat ungs fólks sem má rekja til aukinnar menntunar, ferðalaga og gott aðgengi að upplýsingum. Ungt fólk hefur minni áhuga en áður á að búa á sama stað alla ævi og stunda sama starf alla ævi. Það gerir kröfu til framboðs, fjölbreytni og sveigjanleika í menningu og afþreyingu (Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, 2001).

Ef bornar eru saman aðstæður ungs fólks í smærri byggðarlögum á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu hvað varðar aðgengi að skólum og atvinnulífi er því ekki að leyna að ungmenni almennt í smærri byggðarlögum þurfa að taka róttækari ákvarðanir fyrr en þau sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Þau þurfa til dæmis að taka ákvörðun um það hvort þau ætli að flytja að heiman til þess að sækja sér menntun eða að vera heima og vinna. Ungmenni á höfuðborgarsvæðinu þurfa frekar að huga að því í hvaða nám þau stefna og í hvaða skóla á svæðinu þau ætla að sækja. Á landsbyggðinni er ekki mikið um val á námi, brautum og hvað þá skólum. Það er því gagnlegt að skoða mikilvægi skóla í smærri byggðarlögum á landsbyggðinni.

Mikilvægi skóla á landsbyggðinni

Skólar eru einn af hornsteinum hvernar byggðar og eru mjög mikilvægir með tilliti til byggðarþróunar – hvar sem er á landinu, hvort sem það er í borg eða bæ. Samkvæmt lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, er sveitarfélögum skylt að halda skóla fyrir öll börn á aldrinum sex til sextán ára sem eiga lögheimili innan þess. Jafnframt er börnum skylt að sækja grunnskólanám þó með einhverjum undanþágum, svo sem að barn sæki einkaskóla eða fari tímabundið í burtu úr sveitarfélaginu. Þá skal forráðamaður sjá til þess að barn vinni upp það sem það kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.

Aðgengi að framhaldsskólanámi getur hins vegar haft mikil áhrif á búsetu fólks, sérstaklega þeirra sem eiga börn í grunnskóla sem stefna á framhaldsnám. Ungt fólk sem stefnir á framhaldsnám en hefur ekki aðgengi að framhaldsskóla nálægt heimili sínu þarf annað hvort að ferðast langar leiðir á hverjum degi til að sækja skóla, fá aðstöðu á heimavist, leigja húsnæði nálægt framhaldsskóla og þar með flytja ungt að heiman eða að öll fjölskyldan flytur búferlum (Axel Hall, Ásgeir Jónsson og Sveinn Agnarsson, 2002; Björg Ágústsdóttir, 2006; Efnahags- og viðskiptaráðuneytið, 2003; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2006; Ólafur Arngrímsson, 2006).

Langflestir 16 ára nemenda hér á landi hefja framhaldsskólanám strax að loknum grunnskóla. Árið 2009 voru 4583 16 ára nemendur skráðir í framhaldsskóla (Hagstofa Íslands, e.d.a.) af 4757 sem skráðir voru hjá Hagstofu

Íslands, eða 96% árgangs (Hagstofa Íslands, e.d.b.). Í brotthvarfsrannsókn Jóns Torfa Jónassonar og Kristjönu Stellu Blöndal (2002) á 1975 árgangi kom fram að rúmlega 90% árgangsins hóf nám í framhaldsskóla að loknum grunnskóla en jafnframt að 36% árgangsins hafði ekki lokið formlegu námi við 24 ára aldur og var ekki í námi þegar rannsóknin var gerð. Þessir nemendur eru skilgreindir sem brotthvarfsnemendur. Haustið 1999, þegar rannsóknin var gerð, var 6,6% árgangs '75 í námi og ekki er vitað hve stór hluti af þeim hefur nú lokið námi – rúmum tíu árum síðar. Svipaðar tölur koma fram hjá Hagstofu Íslands á nemendum fæddum 1982. Alls hafði 95% árgangsins stundað nám sem skráð er í nemendaskrá Hagstofunnar. Rúmlega 58% þeirra hafði lokið námi á framhaldsskólastigi við 24 ára aldur. Tæp 33% árgangsins hafði ekki lokið formlegu námi við 24 ára aldur en hafði verið skráður í nám á Íslandi að loknum grunnskóla samkvæmt nemendaskrá Hagstofunnar (Hagstofa Íslands, 2008).

Þegar talað er um brotthvarf nemenda úr framhaldsskóla í rannsóknum, greinum og almennt meðal manna leggja ekki allir sama skilning í hugtakið því ekki er til nein ein alþjóðleg skilgreining. Einhverjir tala um brotthvarfsnemendur þá sem skrá sig í skóla en útskrifast ekki eftir ákveðinn tíma og aðrir tala um að allir nemendur í ákveðnum árgangi sem útskrifast ekki úr framhaldsskóla á ákveðnum aldri teljist til brotthvarfshóps (Gerður G. Óskarsdóttir, 2000). Það er ekki aðalmálið heldur það að á Íslandi er mun meira brottfall, á hvorn veginn sem það er skilgreint, en á öðrum Norðurlöndum og í mörgum Evrópulöndum. 30% fólks á aldrinum 20-24 ára hafði ekki lokið framhaldsskóla á Íslandi árið 2002 á meðan meðaltal OECD-landanna var 18% (OECD, 2002). Brotthvarf nemenda úr skóla kostar þjóðfélagið mikið auk þess sem slíkt skipsbrot er gífurlegt áfall fyrir ungt fólk og getur hindrað framtíðaráform þess (Elín Thorarensen, 1998). Rannsókn Gerðar G. Óskarsdóttur (1995) á brotthvarfi nemenda fæddum 1969 leiddi í ljós að brotthvarfsnemendur unnu einfaldari störf en þeir sem lokið höfðu framhaldsskóla.

Í lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008, kemur fram að allir sem lokið hafa grunnskólanámi, hafa hlotið jafngildra undirstöðumenntun eða hafa náð 16 ára aldri eigi rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Samfélagið gerir jafnframt þá kröfu að ungmenni ljúki því námi ekki síður en að þeir hefji þar nám. Þau sem ljúka ekki framhaldsskólanámi eru að mörgu leyti verr stödd í dag en áður fyrr því

möguleikar þeirra á vinnumarkaði eru minni en áður, meiri líkur eru til þess að ungmenni verði atvinnulaus, fái verr launuð störf, eigi við heilsufarserfiðleika að stríða og sýna andfélagslega hegðun (Gerður G. Óskarsdóttir, 1995; Murray, 2000; OECD, 2006; Rumberger og Thomas, 2000). Atvinnuleysi hér á landi í júlí 2010 var 7,5% á meðan það var 2,3% í júlí 2002 (Vinnumálastofnun, 2002).

Nemendur á landsbyggðinni eru líklegri til þess að hefja ekki nám og að ljúka ekki námi samanborið við þá sem búa í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu, eins og fram kemur í rannsókn Jóns Torfa og Kristjönu Stellu (2002). Í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur höfðu 41% hætt námi án þess að ljúka því (að útskrifast) og 55% nemenda á landsbyggðinni. 5% nemenda í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur höfðu aldrei skráð sig í skóla en 10% á landsbyggðinni.

Ef landsbyggðin er hins vegar skoðuð eftir landshlutum og borin saman við Reykjavík er hlutfallslegur munur skýrari. Nemendur sem annað hvort hafa hætt námi án prófs, eru enn í námi þegar rannsóknin var gerð (1999) eða aldrei skráð sig í framhaldsskóla eru 44% á Reykjanesi, 41% á Vesturlandi, 58% á Vestfjörðum, 51% á Norðurlandi vestra, 39% á Norðurlandi eystra, 40% á Austurlandi og 45% á Suðurlandi. Vestfirðir og Norðurland vestra skera sig þarna verulega úr. Þá kemur fram að 16% nemenda, fæddir 1975, á Vestfjörðum skrá sig aldrei í framhaldsskóla eftir grunnskóla og 11% á Norðurlandi vestra á móti 5% í Reykjavík. Um 34% nemenda á Vestfjörðum sem skráir sig í framhaldsskóla hætta skóla án þess að ljúka honum með formlegu prófi og 33% á Norðurlandi vestra á móti 28% í Reykjavík. Um 60% nemenda í Reykjavík höfðu lokið formlegri menntun við 24 ára aldur á móti 42% á Vestfjörðum og 49% á Norðurlandi vestra (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002). Þessar tölur eru í samræmi við tölur Hagstofu Íslands á árgangi 1982 (Hagstofa Íslands, 2008). Rúmlega 58% þeirra hafði lokið framhaldsskólastigi við 24 ára aldur. Í Reykjavík var hlutfallið 62% á móti 48% á Vestfjörðum og 54% á Norðurlandi vestra.

Í svari menntamálaráðherra, frá árinu 1999, við fyrirspurn á Alþingi um útskrift nemenda úr framhaldsskólum kom fram að af samanlögðum árgöngum nemenda fæddra 1975-1978 höfðu einungis 43% útskrifast úr framhaldsskóla árið 1998. Það kom fram áberandi munur á Reykjavík og Vestfjörðum á hlutfalli

nemenda sem hóf nám í framhaldsskóla og einnig á þeim sem útskrifuðust. Hlutfall allra sem fæddir voru 1975-1978 og hófu nám í framhaldsskóla var frá 82%-89%. Hlutfall þeirra sem fæddir voru í Reykjavík og hófu nám var frá 85%-90% á meðan það var 70%-83% á Vestfjörðum. Á höfuðborgarsvæðinu útskrifuðust 47% á móti 32% á Vestfjörðum af þeim sem hófu nám í framhaldsskóla að loknum grunnskóla (Alþingi, 125. þing, þingskjal nr. 159 og 237).

Þennan mikla mun bæði á útskrifuðum nemendum og á þeim sem hefja framhaldsnám og eru búsettir á Vestfjörðum og í Reykjavík má ef til vill skýra með þeim mun sem ungmenni í smærri byggðarlögum á landsbyggðinni og í Reykjavík búa yfir. Það er stór og mikilvæg ákvörðun fyrir 15 ára nemanda í litlu byggðarfélagi eða sveit úti á landi að fara í framhaldsnám: Er skóli nálægt heimabyggð? Er langt í næsta framhaldsskóla? Er heimavist við skólann? Þarf að leigja húsnæði? Er einhver í fjölskyldunni búsettur á því svæði sem framhaldsskólinn er staðsettur og er möguleiki á að nemandinn dvelji þar? Þarf fjölskyldan jafnvel að flytja? Hver er kostnaðurinn sem fylgir því að fara í framhaldsskóla? Hefur fjölskyldan efni á því að senda barn í framhaldsskóla? Þetta eru líklega ekki spurningar sem nemendur í Reykjavík þurfa að velja fyrir sér.

Talað er um að tveir miklir ókostir fylgi því að senda unga nemendur burt í framhaldsnám. Í fyrsta lagi er verið að slíta fjölskyldur í sundur á viðkvæmum tíma sem leiðir oft til þess að foreldrar flytja annað hvort með börnum sínum eða á eftir þeim. Í öðru lagi að rætur slitna – unglingar fara að heiman og koma ekki aftur að námi loknu. Það eru ef til vill takmarkaðir atvinnumöguleikar fyrir þessi ungmenni í heimabyggð og því ólíklegt að þau snúi aftur heim að loknu námi (Björg Ágústsdóttir, 2006; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2006).

Menntun eykur ekki aðeins líkurnar á því að fólk flytji úr heimabyggð heldur gerir hún einnig ráðið því hvert fólk flytur. Sumir staðir hafa aðdráttarafl fyrir menntaða einstaklinga á meðan aðrir halda í ómenntaða (Axel Hall, Ásgeir Jónsson og Sveinn Agnarsson, 2002). Fyrir utan fyrirnefndu ókostina við að senda barn í burtu í nám er mikill kostnaður sem fylgir því og kemur án efa í veg fyrir að einhverjir fari í frekara nám að grunnskóla loknum (Björg Ágústsdóttir, 2006). Það getur einnig virkað letjandi á ungt fólk að sækja sér menntun þegar það veit

að það fær ekki vinnu við hæfi í heimabyggð sinni – hvers vegna að eyða peningum í menntun þegar hægt er að fá vinnu nú þegar á staðnum?

Á landsbyggðinni eru flestir framhaldsskólar fámennari en á höfuðborgarsvæðinu. Vandi þeirra er að bjóða upp á nógu fjölbreytt námsval sem hæfir sem flestum en verður þrátt fyrir það takmarkaðra, vegna mikils kostnaðar á hvern nemanda. Ef staða smærri framhaldsskóla veikist er mikil hættu á auknum brottflutningi ungs fólks úr viðkomandi byggðarlögum. Annar möguleiki er að ungt fólk fari ekki í skóla og menntunarstig svæðisins lækki (Bjarki Jóhannesson, 2001). Það er ekki sanngjarnt að meta hagkvæmni skóla á sama hátt og gert er þegar reiknuð er út hagkvæmni fyrirtækja og stofnana. Skólar eru ekki sambærilegir við aðrar stofnanir eða fyrirtæki en góður skóli getur gert sveitarfélag að aðlaðandi kosti til búsetu. Það er vitað mál að fámennir skólar verða ævinlega dýrari en þeir fjölmennu. Samt sem áður þurfa skólar að geta boðið upp á fjölbreytni í námsvali, óháðir stærð, til þess að geta haldið í þá nemendur sem búsettir eru á skólasvæðinu (Ólafur Arngrímsson, 2006). Eygló Eyjólfsdóttir, fyrrverandi skólameistari Borgarholtsskóla og sérfræðingur í menntamálaráðuneytinu, (2006) talar um að *“framhaldsskólar á landsbyggðinni hafi staðið sig mjög vel í að mæta mismunandi þörfum og rækja skyldur sínar við allan hópinn sem til þeirra sækir. Þeir gera sér grein fyrir að þeir þjóna heilu samfélagi og skilja þarfir mismunandi hópa.”* (bls. 116). Skólar á höfuðborgarsvæðinu hafa meiri tilhneigingu til að halda í fortíðina, það er að hver skóli hefur sína sérstöðu, ákveðnir skólar taka inn nemendur á almennar bóknámsbrautir á meðan aðrir leggja áherslu á nemendur með sérþarfir (Eygló Eyjólfsdóttir, 2006).

Aðgengi að fjölbreyttu bóknámi, hvar sem er á landinu, hefur aukist á undanförunum árum með bættri aðstöðu til fjarnáms og auknu framboði á fjarnámi á framhalds- og háskólastigi (Efnahags- og viðskiptaráðuneytið, 2003). Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands (2010) voru 4.653 nemendur skráðir í fjarnámi, af einhverju tagi, á framhaldsskólastigi haustið 2009 af þeim 29.698 nemendum sem skráðir voru á framhaldsskólastigi eða tæplega 16%. Fjarnám hefur gert mörgum kleift að ljúka menntun í heimabyggð og margt bendir til þess að nemendur sem stunda framhalds- og háskólanám í heimabyggð sinni velji sér

fremur starfsvettvang þar að námi loknu (Bjarki Jóhannesson, 2001; Efnahags- og viðskiptaráðuneytið, 2003).

Ljóst þykir að staða menntamála skiptir sköpum fyrir hvert byggðarlag – óháð stærð. Öflugar menntastofnanir virðast hafa áhrif út frá sér á menntunarstig í viðkomandi byggðarlögum og nágrennabyggðum. Á þeim þéttbýlisstöðum sem tekist hefur að stofna burðugar menntastofnanir, til dæmis í Grundarfirði, hefur byggðin styrkst til muna og að sögn Bjargar Ágústsdóttur, fyrrverandi bæjarstjóra í Grundarfirði, er fjölbrautaskólinn að hennar mati eitt mesta framfaraspor sem stigið hefur verið á Snæfellsnesi um lengri tíma (Björg Ágústsdóttir, 2006).

Eins og fram hefur komið er mikill munur á því hvort einstaklingar fæddir á árabílinu 1975-1978 sem skráðir voru með búsetu á Vestfjörðum og í Reykjavík höfðu lokið formlegri menntun við 24 ára aldur eða höfðu ekki skráð sig í skóla. Það háa hlutfall einstaklinga á Vestfjörðum, fæddir 1975, sem ekki höfðu lokið einhverri framhaldsskólamenntun við 24 ára aldur eða aldrei skráð sig í skóla gefur tilefni til að skoða Vestfirði sérstaklega. Hvers vegna ætli sé svona mikill munur á þeim sem skrá sig aldrei í framhaldsskóla – 5 % í Reykjavík á móti 16% á Vestfjörðum?

1.2 Foreldrar hafa áhrif

Í allflestum byggðarlögum á Íslandi eru grunnskólar starfræktir. Þar er lagður grunnur að því námi sem hver einstaklingur mun byggja á með framhaldsmenntun sinni síðar meir. Samkvæmt rannsóknum hafa foreldrar mestu áhrifin á val barna sinna á framhaldsnámi og störfum í framtíðinni. Kennarar koma þar næst á eftir og þurfa að vera meðvitaðir um þá ábyrgð sem þeir hafa og hvetja og styðja nemendur í námi og til frekara náms (Kniveton, 2004; Piquart, Juang og Silbereisen, 2004). Í menntastefnu Kennarasambands Íslands (e.d.) segir: „*Vel menntaðir kennarar, námsráðgjafar og stjórnendur eru forsenda fyrir góðri kennslu og góðum skólum.*” Kennarastarfið er mikið ábyrgðarstarf og ekki síst vegna þess hversu mikil áhrif einn kennari getur haft á nemendur (Helga M. Steinsson, 2001).

Börn eru nokkuð ung þegar þau eru komin með ákveðnar hugmyndir um það nám og þau störf sem þau langar til að leggja stund á í framtíðinni. Þau gera sér

grein fyrir mikilvægi þess að afla tekna – að sjá fyrir heimili og að aðstoða aðra (Schultheiss, Palma og Manzi, 2005). Hvert barn á sér ákveðna fyrirmynd sem verður oft lykilpersóna í lífi þess. Þessi persóna gegnir mikilvægu hlutverki og þá sérstaklega hvernig hún hefur áhrif á þróun hugmynda þess um vinnu (Kniveton, 2004; Schultheiss, Palma og Manzi, 2005).

Tengsl eru á milli menntunar foreldra og skólagöngu barna þeirra og hvort þau ljúka formlegri menntun eða ekki. Í rannsóknum kemur fram að börn sem eiga ómenntaða foreldra eru líklegri til að fara út á vinnumarkaðinn strax að loknum grunnskóla – öfugt við þá sem eiga menntaða foreldra (Anguiano, 2004; Gerður G. Óskarsdóttir, 1993; Pinquart, Juang og Silbereisen, 2004; Rumberger, 1995). Foreldrar þurfa að veita börnum sínum aðhald, vera aðili sem börn geta leitað til með ráð og fá hughreystingu – foreldrar þurfa að hvetja og styðja börn sín eins og góðu hófi gegnir (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna; Gerður G. Óskarsdóttir, 1995). Í könnun sem Helga M. Steinsson (2001) gerði á starfsþroska ungs fólks í námi og starfi sem búsett voru utan höfuðborgarsvæðisins, kemur fram að ungt fólk telur að menntun og viðhorf foreldra til menntunar hafi mikil áhrif á skólagöngu þess. Þrátt fyrir áhrif foreldra þurfa ungmennin sjálf að taka endanlega ákvörðun um framhaldsnám eða starf. Almennt báru ungmennin ekki hugmyndir sínar upp við félag, kennara né ráðgjafa. Mesta umræðan átti sér stað á heimilum en loka ákvörðun tóku ungmennin sjálf um framhaldsnám eða starf.

Í rannsókn Kristjönu Stellu Blöndal og Jóns Torfa Jónassonar (2002) kemur fram að þeir nemendur 75 árgangsins sem áttu foreldra sem höfðu ekki lokið framhaldsskóla voru mun líklegri til að hafa sjálfir ekki lokið framhaldsskóla við 24 ára aldurinn eða 53% á móti 19% þeirra sem áttu foreldra sem höfðu lokið námi á og við háskólastig. 71% nemenda 75 árgangsins sem áttu foreldra sem höfðu lokið námi á og við háskólastig höfðu sjálfir lokið stúdentsprófi við 24 ára aldur en 33% þeirra sem áttu foreldra sem höfðu lokið almennu skyldunámi. Samkvæmt sömu rannsókn virðist menntun foreldra ekki skipta eins miklu máli þegar kemur að því að ljúka verkgrein, 14% átti foreldra sem höfðu lokið almennu skyldunámi en 10% námi á og við háskólastig. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur fram að menntun foreldra spáir marktækt fyrir um námslok ef tekið er tillit til kyns nemenda og búsetu. Því meiri menntun sem foreldrar höfðu því meiri líkur voru á að börn þeirra hefðu útskrifast úr framhaldsskóla við 24 ára aldur.

Jafnframt kemur fram í rannsókninni að fyrri námsárangur spáir fyrir um brotthvarf úr námi og að nálægð við framhaldsskóla skipti ekki eins miklu máli hvað varðar námslok við 24 ára aldur eins og menntun foreldra (Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson, 2002).

Í þýskri rannsókn Piquart, Juang og Silbereisen (2004) voru skoðaðar breytingar í starfsákvörðunartöku unglunga. Þar voru þættirnir trú á eigin færni, námsgeta og menntun foreldra skoðaðar sérstaklega með tilliti til starfsákvörðunartöku. Niðurstöður voru þær að það sem spáði mestu fyrir um ákvarðanatöku unglinganna um starfsvettvang var námsgeta þeirra sjálfra og menntun foreldra, það er fylgni var á milli menntunar foreldra, einkum föður, og einkunna nemenda á samræmdum prófum. Skýringa er ef til vill hægt að leita hjá foreldrum, þeir sem eru með lengri skólagöngu að baki geta aðstoðað börn sín fremur við nám og stuðla þar með að betra gengi en ómenntaðir foreldrar. Þeir hafa oft önnur og ef til vill meira hvetjandi viðhorf til náms. Þetta er í samræmi við niðurstöður íslenskrar rannsóknar Gerðar G. Óskarsdóttur (1993). Börn sem áttu feður sem höfðu mestu menntunina hófu fremur framhaldsskólanám þrátt fyrir lægri einkunnir þeirra að meðaltali en börn minna menntaðra. Eina skýringin að mati Gerðar var að þessir foreldrar hvettu börn sín meira til náms. Þessar niðurstöður sýna að skoðanir og fyrri reynsla foreldra skipta máli, að vera jákvæður í garð menntunar og að styðja og hvetja barnið í því sem það er að gera.

Þar sem fram hefur komið að foreldrar eru sterkasta fyrirmynd barna sinna skiptir máli hvaða álit þau hafa á skólamálum, hvort þau styðji og hvetji barn sitt í námi í grunnskóla og til framhaldsnáms að loknum grunnskóla (Kniveton, 2004; Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson, 2002; Piquart, Juang og Silbereisen, 2004; Schultheiss, Palma og Manzi, 2005). Það skiptir máli að foreldrar séu þar að auki meðvitaðir um kosti þess að barn haldi áfram námi að loknum grunnskóla og ljúki því (Gerður G. Óskarsdóttir, 1995; 2000, Rumberger og Thomas, 2000).

Einhver ofantalinna atriða geta veri ástæða þess að foreldrar á landsbyggðinni hvetja og styðja börnin sín síður til framhaldsnáms en foreldrar á höfuðborgarsvæðinu. Lífið er einfaldlega keðjuverkandi; menntaðir foreldrar eiga auðveldara með að hvetja barnið sitt áfram því þeir hafa sjálfir farið í gegnum ferlið „að vera í skóla” – vita hvar þeir eiga að leita upplýsinga eða þekkinga

einhverja sem geta svarað þeim. Höfuðborgarsvæðið laðar til sín enn fleiri menntaða á meðan menntunarstig landsbyggðarinnar fer minnkandi sem verður til þess að þeir nemendur sem eftir eru í minni bæjum fara síður í framhaldsnám því þeir fá ekki tækifæri til þess (Anguiano, 2004; Axel Hall, Ásgeir Jónsson og Sveinn Agnarsson, 2002; Gerður G. Óskarsdóttir, 1993).

Kenningar um starfsþroska barna

Margir fræðimenn innan náms- og starfsráðgjafar vilja skilja og setja í orð hvers vegna unglingar taka ákveðnar ákvarðanir um nám og störf. Þeir láta sér ekki nægja svör á borð við „ég veit ekki af hverju ég valdi þetta nám - af því bara“ eða „ég veit það ekki“. Margar kenningar hafa verið settar fram á grundvelli rannsókna um starfsþroska (e. career development) barna og unglunga. Þar má nefna; kenningu Holland um starfsval einstaklings þar sem lykilhugtakið er samræmi á milli einstaklings (starfsáhuga) og umhverfis (starfsumhverfis) (Arnold, 2004) og kenningu Super um þróun starfsferils frá barnæsku til fullorðinsára þar sem þarfir, gildi, áhugi og hæfileiki einstaklings sem og félags- og efnahagslegt umhverfi verður hluti af sjálfmynd hans (Sharf, 2006).

Hópur innan náms- og starfsráðgjafar telur þörf á að skoða félagsleg áhrif ungs fólks þegar ákvörðun um nám og störf eru tekin (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2005). Ungmenni búa við ólíkar aðstæður eftir því hvar þau búa á landinu og jafnvel skiptir landshornið máli. Félagsleg áhrif á starfsþróun hefur verið rannsökuð af franska félagsheimspekingnum Pierre Bourdieu. Hugtakið *habitus* úr kenningu Bourdieu leggur áherslu á að uppeldi og umhverfi einstaklinga skipti höfuðmáli, til dæmis í ákvörðunartöku um nám og störf (Corey, 2005). *Habitusar* hugtakið styður þær rannsóknir sem gerðar hafa verið um áhrifavalda í lífi ungs fólks á nám og störf, það að foreldrar hafi mestu áhrifin á hvaða nám og störf börn og unglingar leggja fyrir sig (Kniveton, 2004; Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson, 2002; Pinguart, Juang og Silbereisen, 2004; Schultheiss, Palma og Manzi, 2005).

Kenning Bourdieu á vel við þegar kannaður er stuðningur og hvatning foreldra til framhaldsnáms barna þeirra og þá sérstaklega þegar landssvæði eru borin saman.

Habitus

Pierre Bourdieu fjallaði um áhrif menntunar í samfélögum, val um lífshætti og tengsl stéttarstöðu við ýmsa hegðun, þar á meðal náms- og starfsval. Menntun og menning var eitt umfangsmesta rannsóknarsvið hans og er hugtakið *habitus* þar eitt af lykilhugtökum. Það er til dæmis notað til að skoða félagsleg áhrif á náms- og starfsval einstaklings (Bourdieu og Passeron, 1977; Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Guðrún Á. Stefánsdóttir, 2006).

Habitus er reynsla sem hver og einn býr yfir þannig að heimurinn verður merkingabær í augum hans. Hugtakið er afurð sögu hvers og eins og er því háð breytingum og er aldrei fullgert (Holton, 2000). *Habitus* getur verið eins konar vanabundnar afstöður (e. dispositions) en þær samanstanda af gildismati, viðmiði og skynjun sem hverjum og einum hafa verið kennd um ævina. *Habitus* er hægt að líkja við það að hafa tilfinningu fyrir því sem er að gerast (Bourdieu, 1990) en það er að kunna að bregðast eðlilega við aðstæðum eða að sjá fyrir hið ófyrirsjáanlega og bregðast rétt við. Afstöðurnar eru ómeðvitaðar þar sem einstaklingurinn gerir sér ekki grein fyrir að þær eru honum innrættar og því verða þær að öðru eðli hans (e. second nature). Fólki sem elst upp í svipuðu umhverfi og við svipaðar aðstæður hefur líkan *habitus* og er líklegra til að samsama sig betur hvert öðru heldur en fólki sem hefur ólíkan *habitus* (Bourdieu, 1997). Einstaklingar hugsa ólíkt um störf allt eftir því hver *habitus* viðkomandi er. Þetta er eins með félagslegan *habitus* hvers og eins. Hugsanir okkar, langanir og áhugi eiga sér félagslegar rætur og sá *habitus* sem við búum yfir gerir okkur kleift að taka fljótt rökréttar ákvarðanir – án umhugsunar og ómeðvitað (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2005).

Í rannsókn Guðbjargar Vilhjálmsdóttur og Guðrúnar Á. Stefánsdóttur (2006) á starfshugsun ungmenna í 10. bekk sýna niðurstöður að búsetumunur er á því hvernig ungmenni hugsa um störf, það er hve áhugaverð störf eru og hve mikil virðing er borin fyrir þeim. Niðurstöður gefa til kynna að kerfisbundinn munur er á viðhorfum ungmenna eftir því hvort þau búa á höfuðborgarsvæðinu eða í sjávarplássum á landsbyggðinni og að starfshugsun þeirra er ólík við lok grunnskóla. Ungmennin úr sjávarplássunum aðgreindu betur þau ellefu störf sem

spurt var um. Þau hafa jafnframt meiri áhuga á verkamanna- og iðnaðarstörfum og meta þau störf meira en jafnaldrar þeirra á höfuðborgarsvæðinu. Ungmennin meta háskólamenntuð störf og þjónustustörf með svipuðum hætti óháð búsetu. Þessar niðurstöður passa vel við kenningu Bourdieu þar sem hann taldi að búseta væri ein meginviddin í félagslegum *habitus* fólks og að gildi þess og smekkur væri ólíkur eftir stöðu í samfélaginu (Bourdieu, 1984).

Það er áhugavert að sjá í rannsókn Guðbjargar og Guðrúnar (2006) hvað hugsun sem býr að baki náms- og starfsvali ungmenna mótast af búsetu þeirra og á sér greinilega félagslegar rætur. Það fellur vel að því sem Bourdieu talar um að þeir sem alast upp við svipaðar aðstæður hafa líkan *habitus* og eru líklegri til að ná betur saman heldur en þeir sem eru með ólíkan *habitus* (Bourdieu, 1997). Þó svo landsbyggðin dragi frekar til sín ómenntað fólk (Axel Hall, Ásgeir Jónsson og Sveinn Agnarsson, 2002; Gerður G. Óskarsdóttir, 1995) kemur fram að ungmennin meta háskólamenntuð störf með svipuðum hætti óháð búsetu (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Guðrún Á. Stefánsdóttir, 2006). Hvað veldur því þá að ungmenni til dæmis á Vestfjörðum fara síður í framhaldsnám og ljúka því síður en jafnaldrar þeirra í Reykjavík? Gæti verið að stuðningur og hvatning foreldra þeirra til framhaldsnáms hafi þar eitthvað að segja?

1.3 Stuðningur og hvatning foreldra til framhaldsnáms barna

Rannsóknir um námsgengi ungmenna á Íslandi benda til að þættir sem tengjast samskiptum innan fjölskyldu, félags- og efnahagsleg staða foreldra, breytingar á fjölskyldugerð, uppeldisaðferðir og stuðningur og hvatning foreldra í námi barna þeirra hafi áhrif á það hvernig nemendum mun ganga og hvort þeir ljúka formlegu námi. Það kemur fram að stuðningur og hvatning foreldra til náms barna þeirra skiptir máli varðandi það að nemandi ljúki því námi sem hann hóf (Jón Torfi Jónasson og Guðbjörg Andrea Jónasdóttir, 1992; Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002; Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2005). Hvers vegna ætli þessir tveir þættir sem taldir eru sjálfsagður hluti af uppeldi barna (stuðningur og hvatning) skipti svona miklu máli og að ekki sé meira talað um þá sem grunnþátt í menntun barna?

Þegar talað er um **stuðning** foreldra (e. parental involvement) til náms barna þeirra er vísað til þess hvort foreldrar styðji börn sín til að gera sitt besta bæði í námi og öðrum skólatengdum athöfnum sem stuðla að velgengni barnanna. Stuðningurinn getur falist í því að; vera til staðar, fylgjast með og taka þátt í því sem barnið er að gera, til dæmis heimanámi (Anguiano, 2004; Gonzalez, 2006).

Margar rannsóknir hafa verið gerðar á stuðningi foreldra til náms barna þeirra. Þrátt fyrir það er erfitt að bera saman niðurstöður þeirra því ekki hefur tekist að skilgreina hugtakið nógu vel. Einnig er misjafnt í rannsóknum hvaðan upplýsingarnar um stuðning foreldra koma, það er hvort byggt er á svörum barnanna sjálfra, foreldra þeirra eða kennara (Fan, 2001). Niðurstöður eru ekki samhljóma og jafnvel misvísandi (Fan, 2001; Fan og Chen, 2001; McNeal, 1999). Þó styðja niðurstöður flestra rannsókna þá fullyrðingu að stuðningur foreldra stuðli að auknum námsárangri barna þeirra (Fan og Chen, 2001).

Hugtakið stuðningur foreldra er í eðli sínu margþætt og líklegt að hver og einn túlki það á sinn hátt. Til dæmis gæti skilgreining á stuðningi verið væntingar foreldra til náms barna þeirra í einni rannsókn á meðan önnur rannsókn talar um aðhald og almennt eftirlit með námi. Því er mikilvægt að það komi fram hverju sinni hvaða þætti stuðnings verið er að skoða (Fan, 2001; Fan og Chen, 2001). Fan og Chen (2001) tóku saman niðurstöður 25 rannsókna um áhrif stuðnings foreldra á námsárangur barna sinna og leiddu niðurstöður í ljós að jákvæð tengsl eru þar á milli, en þó mismikil eftir hvaða þættir voru skoðaðir; samskipti foreldra við skólann vegna barnsins, þátttöku foreldra í foreldra- og kennarafélögum skólans, hvort foreldrar og börn þeirra ræði um námið og skólann, aðhald foreldra við heimanám barnsins, aðstoð foreldra við heimanám barnsins og hvaða væntingar foreldrar hafa til námsgengis barnsins. Sterkustu tengslin voru við væntingar foreldra til námsgengis barna þeirra en minnst við aðhald foreldra með heimanámi. Í samantektinni kemur ekki nógu skýrt fram hvort væntingar foreldra um námsgengi vísi til væntinga foreldra um námsárangur barnsins og/eða um hve miklu námi barnið muni ljúka.

Stuðningur foreldra virðist tengjast námsgengi ungmenna hér á landi, það er nemendur eru líklegri til að ljúka námi sem telja sig fá námslegan stuðning frá foreldrum sínum (Jón Torfi Jónasson og Guðbjörg Andrea Jónasdóttir, 1992; Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002; Sigrún Aðalbjarnardóttir og

Kristjana Stella Blöndal, 2005). Í rannsókn Jóns Torfa Jónssonar og Kristjónu Stellu Blöndal (2002) kemur fram að nemendur sem töldu foreldra hafa veitt sér lítinn stuðning við nám í grunnskóla voru líklegastir til að hafa hætt framhaldsnámi eða 62% á móti 33% sem töldu sig hafa fengið mikinn stuðning en þrátt fyrir það hætt námi. Með stuðningi foreldra til náms barna sinna og þátttöku í skólastarfinu eru foreldrar að láta í ljós að þeir telji menntun mikilvæga fyrir börn sín. Þeir vilja leggja sitt af mörkum til að stuðla að öryggi og árangri barna sinna í námi (Fan og Chen, 2001; McNeal, 1999).

McNeal (1999) rannsakaði hvaða áhrif stuðningur hefur á námsgengi, skróp og brotthvarf unglunga í framhaldsskóla. Hann flokkar stuðning foreldra í fjóra þætti; *Samræður milli foreldra og barna* (e. parent-child discussion) – umræður um skólann og það sem tengist honum, til dæmis námsefni, námsval og það sem er að gerast í skólanum. *Þátttaka foreldra í foreldra- og kennarafélagi skólans* (e. parent-teacher organization involvement) – foreldrar fá tækifæri til að hittast, ræða saman, skiptast á upplýsingum og beri almennt saman bækur sínar, til dæmis um þær áherslur sem þeir leggja á þegar kemur að félagslegu hliðinni hjá unglingum. *Aðhald* (e. monitoring) – foreldrar fylgjast með hegðun og námi barna sinna í því skyni að tryggja velferð þeirra, til dæmis með aðhaldi við heimanám, að setja börnum skýrar reglur og að þau beri einhverja ábyrgð heima fyrir. *Bein þátttaka þeirra í skólagöngu* (e. educational support strategies) – heimsóknir foreldra í skólann og samskipti þeirra við kennara og ráðgjafa, ekki aðeins þegar eitthvað kemur uppá í skólanum heldur almenn þátttaka foreldra. Flokkun McNeal tengist hvoru tveggja þáttum sem tilheyra skólastarfi og heimilislífi.

Í rannsókn Ernu G. Árnadóttur (2007) kemur fram, hjá unglingunum sem hún ræddi við, að misjafnt var hvort þeim þætti mikilvægara að fá stuðning í grunn- eða framhaldsskóla. Fleiri voru á því að nauðsynlegt væri að fá stuðning í framhaldsskóla. Þau áttu auðvelt með að segja hvernig stuðning þau vildu fá frá foreldrum sínum, sem dæmi má nefna: námslegan stuðning, aðhald og áhuga, sjálfstæði, virðingu og hvatningu. Þeir leita jafnframt meira til þess foreldris sem frekar getur hjálpað þeim námslega. Námssefnið þyngist þegar komið er í framhaldsskóla og foreldrar eiga ef til vill erfiðara með að sitja yfir barninu sínu og hjálpa því af eigin þekkingu. Það þýðir ekki að þar með eigi að hætta að styðja barnið í námi. Það er nauðsynlegt að halda áfram að fylgjast með og finna leið til

að aðstoða það, til dæmis með því að foreldrar, skólinn og nemendur sjálfir vinni saman og að búið sé til stuðningsnet kringum nemandann (Hoover-Dempsey og Sandler, 1995). Samstarf heimila og skóla þarf að vera gott hvort sem það er í grunnskóla eða framhaldsskóla. Í aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta, (2004) er tekið fram að mikilvægt er að samstarf sé á milli foreldra/forráðamanna og nemenda yngri en 18 ára. Foreldrasamstarf í framhaldsskólum er þó mest fyrstu tvö árin eða þar til sjálfræðisaldri barna er náð. Foreldrar hafa helst samband við skólann til þess að fá upplýsingar um stöðu barns síns (Elín Thorarensen, 2004).

Í þessari rannsókn verður augum beint að þeim stuðningi sem felst í því að foreldrar sýni líðan barns áhuga, hvort þeir fylgist með því sem barnið er að gera í skólanum, fylgist með því hvort það mæti í tíma og hvort þeir megi aðstoða barnið við heimanám, það er samræður milli foreldra og barna og aðhald samanber flokkun McNeal. Stuðningur foreldra við nám barna sinna er ferli sem hefst strax og barn byrjar að læra, áður en það byrjar skólagöngu, og þróast samhliða því sem þarfir barnsins breytast, til dæmis eru aðrar áherslur og kröfur hjá unglingi en barni (Hoover-Dempsey og Sandler, 1995).

Hvatning foreldra til frekara náms skiptir einnig miklu máli og er nátengt stuðningi. Börn finna að það sem þau eru að gera skiptir máli og að foreldrar eru að fylgjast með þeim. Hrós foreldra og annarra, sem tengjast barninu, getur skipt sköpum og hæglega aukið árangur þess í námi. Þó verða foreldrar að passa að nota hrós innan ákveðinna marka. Þegar börn/unglingar eru að sleppa hendinni af foreldrum vilja þeir ekki of áberandi athygli foreldra. Þetta einkennist oft af haltu mér slepptu mér sambandi. Þeir foreldrar sem eru í góðu sambandi við börnin sín eiga auðveldara með að setja sig í spor þeirra og finna fljótt út hvar mörkin liggja (Fan, 2001; Hoover-Dempsey og Sandler, 1995). Sú tegund hvatningar sem verður skoðuð í þessari rannsókn er hvort foreldrar hafi rætt við barnið sitt um nám að loknum grunnskóla – hvaða nám og skólar eru í boði, hvort það hafi einhverjar óskir um skóla og hvort því finnist hvatning foreldranna til frekara náms skipta máli.

Í rannsókn Jóns Torfa Jónassonar og Kristjönu Stellu Blöndal (2002) á árgangi '75 kom fram að þrír af hverjum fjórum nemendum telja sig hafa fengið nokkra eða mikla hvatningu við nám í grunnskóla frá foreldrum og töldu flestir að

hvatning skipti þá miklu máli. Jafnframt kom fram að þeir foreldrar sem hvöttu börn sín til þess að halda áfram námi eftir grunnskóla og samræmi var á milli áherslu barns og foreldra á stúdentsprófið spáðu fyrir um námslok nemenda. Þeir sem upplifðu ósamræmi á milli eigin áherslna á stúdentsprófið og foreldra sinna voru líklegri til að hafa ekki lokið námi við 24 ára aldur. Um 74% nemenda hættu námi sem telja sig hafa fengið litla hvatningu en 31% þeirra sem taldi sig hafa fengið góða hvatningu frá foreldrum sínum. Foreldrar með framhaldsmenntun geta hvatt börn sín áfram í námi af eigin reynslu. Þeir vita hvert þeir eiga að leita eftir upplýsingum og þekkja stuðningskerfið (e. social support networks) almennt í skólamálum betur en þeir sem fóru ekki í framhaldsskóla að loknum grunnskóla (Anguiano, 2004).

Erna G. Árnadóttir (2007) talar um í rannsókn sinni að þegar unglingar eru spurðir hvaðan þeir vilji fá hvatningu segja flestir að þeir vilji að hún komi frá foreldrum eða „fólkinu sínu“. Hvatningin þarf bæði að koma þegar þeim gengur vel og illa. Það þarf ekki að hafa mörg orð um hvatningu – stutt og gagnyrnt hvatningarorð eiga vel við. Unglingarnir sem tóku þátt í rannsókninni telja að hvatning sé mjög mikilvæg og sé undirstaða í góðu gengi í námi.

Eins og fram hefur komið hafa margar rannsóknir verið gerðar á stuðningi og hvatningu foreldra til náms barna þeirra en reynst hefur erfitt að bera saman niðurstöður þessara rannsókna. Ýmist er verið að spyrja börnin sjálf, foreldrana eða kennara um hvort og hvernig stuðning börn þurfa. Hugtökin eða orðin eru huglæg og erfitt getur verið fyrir nokkra einstaklinga að leggja nákvæmlega sama skilning í þau. Stuðningur getur til dæmis verið það að vera til staðar fyrir barnið, fylgjast með því og taka þátt í því sem það er að gera. Þetta eru athafnir sem hver og einn leggur sína túlkun í og er að öllum líkindum ólík manna á milli. Hvatning í námi barns er til dæmis að hrósa því fyrir það sem það er að gera, með því finnur barnið að það sem það er að gera skiptir máli – að verið er að fylgjast með því sem leiðir að öllum líkum til þess að það heldur áfram að standa sig eins vel og það getur. Það fer ekki á milli mála að stuðningur og hvatning skiptir sköpum í námi barns og til frekara náms en í hvaða formi er vandmeðfarið – ekki of mikið, ekki of lítið, hver og einn verður að finna sín mörk með barninu sínu.

Þó svo erfitt sé að bera saman rannsóknir á stuðningi og hvatningu foreldra til náms barna þeirra styðja flestar rannsóknir þá fullyrðingu að stuðningur og

hvatning foreldrar í námi barna og til frekara náms eykur námsárangur barnanna. Það kemur einnig fram að ungmenni vilja fá stuðning og hvatningu frá foreldrum í námi og til frekara náms, ekki síður í framhaldsskóla eins og í grunnskóla. Þau leita jafnframt eftir aðstoð með nám frá því foreldri sem er með meiri menntun. Meginmarkmið þessarar rannsóknar er að skoða stuðning foreldra í námi barna sinna og hvatningu til frekara náms eftir búsetu.

2. Aðferð

2.1 Þátttakendur

Þátttakendur í rannsókninni var tilviljunarúrtak foreldra nemenda í 8.-10. bekk grunnskóla á Vestfjörðum fyrir utan Ísafjörð (n= 72) og þýði foreldra nemenda í 8.-10. bekk í einum grunnskóla í Reykjavík (n= 204), hentugleikaúrtak, alls 276 foreldrar, aðeins annað foreldrið var beðið að svara spurningalistanum. Ástæða þess að foreldrar grunnskólans á Ísafirði voru ekki teknir inn í úrtakið var að þeir búa við aðrar aðstæður hvað snertir aðgengi að framhaldsskólamenntun en aðrir foreldrar barna í öðrum byggðarfélögum á Vestfjörðum. Á Ísafirði er rekinn eini framhaldsskólinn á Vestfjörðum og þeir foreldrar sem búa þar geta haft börnin sín heima. Þeir þurfa ekki að senda börnin í burtu eða láta þau ferðast langar leiðir til þess að stunda framhaldsnám. Skólinn sem valinn var í Reykjavík hefur mikla breidd foreldra í hverfinu, það er fólk úr öllum þjóðfélagsstéttum, fólk með litla eða mikla menntun og fjölbreyttur húsnæðiskostur.

Gögnum var safnað í maí og júní 2009. Alls voru það 167 foreldrar sem tóku þátt í könnuninni eða 60% þeirra sem fengu spurningalistann sendan, 42 frá Vestfjörðum og 125 úr Reykjavík. 136 mæður svöruðu (rúm 81%) og 31 feður (tæp 19%). Spurt var um menntun móður og föður og henni skipt í þrjá flokka, það er grunnskólapróf eða annað skyldunám, framhaldsskólapróf og háskólapróf. Í þessari rannsókn verður menntun þess foreldris sem svaraði spurningalistanum notað og fengust svör frá 159. Í úrtakinu voru 11% (13 þátttakendur) þeirra sem búa í Reykjavík með grunnskólapróf en 34% (13 þátttakendur) þeirra sem búa á Vestfjörðum (í heildina 16,5%). Þeir sem voru með framhaldsskólapróf voru 46% (56) úr Reykjavík og 42% (16) frá Vestfjörðum (í heildina 45%). 43% (52) þeirra sem búa í Reykjavík og 24% á Vestfjörðum voru með háskólapróf (í heildina 38,5%).

2.2 Mælitæki

Til þess að meta hvort munur er á stuðningi og hvatningu foreldra til framhaldsnáms barna sinna eftir búsetu var spurningalisti saminn, þar sem ekki var til sambærilegur spurningalisti sem náði til allra þeirra þátta sem kannaðir voru. Stuðst var við tvo spurningalista: NELS 88 (National Education Longitudinal Study of 1988), foreldra hlutann (BY og F2 parent questionnaire) (NELS, e.d.), þar sem foreldrar eru spurðir út í afstöðu sína gagnvart málum sem snerta barn þess og skólann. Einnig var stuðst við spurningalista úr símakönnun Jóns Torfa Jónssonar og Kristjönu Stellu Blöndal (2002) en þar var námsgengi og afstaða 75 árgangsins til náms rannsökuð.

Spurningalistanum var skipt í þrjú þemu: *Stuðning og hvatningu í námi barns og til framhaldsnáms* (44 spurningar), *aðstæður* (15 spurningar) og *bakgrunnsupplýsingar foreldra* (12 spurningar). Dæmi um spurningar í *stuðningi og hvatningu* eru: Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingum um þig ... Ég sýni líðan barnsins míns áhuga. Ég fylgist vel með hvernig barninu mínu gengur í skólanum. Ég skipti mér af því hvort barnið mitt læri heima. Svarmöguleikar voru frá mjög sammála til mjög ósammála. Mér finnst mikilvægt að barnið mitt ljúki ... (Merktu aðeins við eitt atriði, hæsta stig sem þú telur mikilvægt að barnið þitt ljúki). Grunnskóla, nám í iðn- eða verknámi, stúdentspróf, fyrstu gráðu háskólanáms (BA, BS, B.ed eða sambærilegu námi), meistara- eða doktorsgráðu. Dæmi um spurningar í *aðstæður*: Hversu sammála eða ósammála ertu neðangreindum fullyrðingum. Ég tel að kostnaður vegna framhaldsnáms geti haft áhrif á það hvort barnið mitt fari í framhaldsskóla. Ég tel að kostnaður vegna framhaldsnáms geti haft áhrif á það í hvaða framhaldsskóla barnið mitt fer. Svarmöguleikar voru frá mjög sammála til mjög ósammála. Dæmi um spurningar um *bakgrunn* þátttakenda: Hvaða námi hafa móðir og faðir barns lokið? Grunnskólaprófi, landsprófi, gagnfræðaprófi. Bóklegu námi á framhaldsskólastigi, s.s. verslunarpróf, stúdentspróf, samvinnuskólaprófi. Starfsnám, s.s. sjúkraliða-, lögreglu-, banka- eða ritarnám eða annað stutt starfsnám. Iðn- eða verknámi, s.s. sveins- og meistara- og vélstjóra- og stýrimannapróf, búfræði, garðyrkjufræði eða tækniteikun. Prófi á háskólastigi

(3ja ára háskólanám eða lengra, BA, B.ed, BS, kandidateitnám, MA, MS, doktorsnám. Öðru námi, hverju?

2.3 Framkvæmd

Spurningalisti var sendur á rafrænu formi til foreldra barna í 8.-10. bekk í kjölfar kynningarbréfs sem sent var út í maí 2009. Í því kom fram tilgangur könnunarinnar, stutt kynning á rannsókninni og að þátttakendur væru ekki skyldugir til þátttöku, hvorki til að svara einstökum spurningum né listanum í heild en að svör þeirra skiptu máli. Tekið var skýrt fram að rannsóknin væri nafnlaus, að ekki væri hægt að rekja upplýsingar til þátttakenda og að rannsóknin hefði verið tilkynnt til Persónuverndar (fylgiskjal 1). Að lokum var svarendum þakkað fyrirfram fyrir þátttökuna (fylgiskjal 2). Ítrekunarbréf voru send rafrænt tvisvar til þeirra sem ekki höfðu svarað listanum. Gagnaöflun lauk í júní 2009 og var spurningalistum eytt að lokinni úrvinnslu.

Í undirbúningsvinnu voru gerðar tvær forprófanir á spurningalistanum til að fá ábendingar um þau atriði sem betur máttu fara, til dæmis um spurningar, orðanotkun og afmörkun efnisþátta á spurningalistanum. Fyrst hjá nánustu fjölskyldu höfundar sem gerði góðar og gagnlegar athugasemdir, svo hjá tíu foreldrum sem eiga börn á grunnskólaaldri. Að lokinni forprófun var farið yfir ábendingar sem fram komu og spurningalistinn endurskoðaður með hliðsjón af þeim. Spurningalistinn var lesinn yfir af leiðbeinendum sem gáfu ráð um innihald, uppbyggingu og útlit hans.

3. Niðurstöður

Hér verður greint frá helstu niðurstöðum rannsóknarinnar á því hvort munur er á stuðningi foreldra í námi barna þeirra og hvatningu þeirra til frekara náms eftir búsetu. Byrjað er á því að segja frá niðurstöðum þáttagreiningar á spurningalistanum, það er á þeim hluta sem snýr að stuðningi og hvatningu foreldra og þættirnir bornir saman eftir búsetu og menntun þátttakenda. Væntingar foreldra til menntunar barna þeirra voru skoðaðar eftir búsetu og menntun þátttakenda. Rannsóknir hafa sýnt að tengsl eru á milli skólagöngu foreldra og barna þeirra. Samræmi þarf einnig að vera á milli væntinga foreldra og barna til námsloka, það er í hvaða nám barnið ætlar að fara (Anguiano, 2004; Gerður G. Óskarsdóttir; Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson, 2002; Pinquart, Juang og Silbereisen, 2004, 1993). Að síðustu er athugað hvort kostnaður hafi áhrif á það hvort og þá í hvaða framhaldsskóla barn fer og hvort tengsl við foreldra og innan fjölskyldu minnki ef barn fer í framhaldsskóla. Þessir þættir eru einnig skoðaðir eftir búsetu og menntun foreldra.

3.1 Þáttagreining á spurningum um stuðning og hvatningu

Gerð var leitandi þáttagreining með meginásagreiningu (e. exploratory factor analysis, principal axis) og hornskökkum snúningi (e. oblique rotation), oblimin aðferð, á þeim hluta spurningalistans sem snéri að stuðningi og hvatningu foreldra. Í þáttagreiningu þarf sérstaklega að huga að stærð úrtaks. Ef úrtakið er lítið er líklegt að niðurstöður verði litaðar af tilviljanabundnum þáttum (Einar Guðmundsson og Árni Kristjánsson, 2005). Í þessari rannsókn verður hugað að þessum þætti því úrtakið var ekki stórt.

Niðurstöður þáttagreiningar leiddu í ljós fjóra þætti eins og sést í töflu 1.

Tafla 1. Niðurstöður þáttagreiningar á stuðningi og hvatningu foreldra

Atriði	Þáttur 1	Þáttur 2	Þáttur 3	Þáttur 4
Stuðningur foreldra í námi barns				
1. Ég sýni líðan barnsins míns áhuga.	,92	-,06	,01	-,20
2. Ég hvet barnið mitt til að standa sig vel í námi.	,83	,09	,02	-,08
3. Ég fylgist vel með hvernig barninu mínu gengur í skólanum.	,82	,01	,01	,01
4. Ég sýni áhuga á því sem barnið mitt er að læra í skólanum	,72	-,00	-,04	,20
5. Ég fylgist vel með því hvort barnið mitt mæti í tíma.	,68	-,09	-,02	,01
6. Ég spyr barnið mitt oft um hvað það geri í skólanum fyrir utan kennslustundir.	,66	,07	-,04	,17
Hvatning til frekara náms				
7. Hvort það hafi ákveðið hvaða nám það vilji fara í eftir grunnskóla.	-,01	,92	,02	-,02
8. Hvort það sé búð að ákveða í hvaða framhaldsskóla það vilji fara í (sækja um í)	,05	,80	,00	-,06
9. Hvort barnið hafi velt fyrir sér hvaða nám er í boði eftir grunnskóla.	,04	,75	-,01	,07
10. Hvort það ætli sér að fara í framhaldsnám að loknum grunnskóla (sama hvaða nám það er).	-,09	,71	-,03	,04
Skiptir stuðningur og hvatning foreldra börnin máli				
11. Hvort því finnst skipta máli að þú hvetjir það áfram í námi.	-,04	-,02	-,96	,03
12. Hvort því finnst skipta máli að þú hvetjir það áfram til framhaldsnáms að loknum grunnskóla.	,02	,07	-,94	-,11
13. Hvort því finnst stuðningur þinn í náminu skipta máli.	,05	-,03	-,86	,08

Þátttaka foreldra í námi barns

14. Hvað það er að læra í skólanum.	,04	-,04	,10	,74
15. Hvort þú megir aðstoða það við heimanám.	-,02	-,01	-,16	,63
16. Hvort námið í grunnskóla skipti máli upp á framtíðina.	,01	,14	-,02	,51

Almennt er gerð sú krafa að hleðsla (fylgni) breytu við þátt sé ekki undir 0,30 til þess að tilheyra þáttum í gagnasafni (Einar Guðmundsson og Árni Kristjánsson, 2005). Allar breyturnar sem notaðar voru í niðurstöðum þessarar rannsóknar hlóðu yfir 0,50 við tiltekinn þátt en voru með lága hleðslu á aðra þætti og var því um nokkuð skýra þáttalaun að ræða. Þættirnir falla vel að niðurstöðum annarra rannsókna um stuðning og hvatningu foreldra í námi barna þeirra, þar má nefna þætti eins og að fylgjast með því sem barnið er að gera í skólanum og fyrir utan hann og að ræða við barnið um námsefni og námsval. Nemendur telja einnig að hvatning foreldra skipti miklu máli og að samræmi sé á milli væntinga þeirra og foreldra til skólagöngu (Anguiano, 2004; Gonzalez, 2006; Erna G. Árnadóttir, 2007; Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson, 2002; McNeal, 1999). Hér verður greint nánar frá þáttunum um stuðning og hvatningu foreldra, sem komu fram í þáttgreiningu (sjá töflu 1).

Stuðningur foreldra í námi barns. Sex atriði hlóðu á fyrsta þáttinn, þar voru foreldrar spurðir að því hversu sammála eða ósammála þeir væru ákveðnum fullyrðingum, samanber töflu 1 hér að framan. Svarmöguleikar voru fimm frá mjög ósammála yfir í mjög sammála. Samkvæmt niðurstöðum atriðagreiningar var innri samkvæmni kvarðans Cronbachs' Alpha 0,87.

Hvatning til frekara náms. Á annan þátt hlóðu fjögur atriði. Hér voru foreldrar spurðir að því, ef þeir hugsa til baka seinustu þrjú mánuðina, hversu oft hafa þeir tala við barnið sitt um ákveðin atriði (sjá töflu 1). Svarmöguleikarnir voru fimm frá aldrei til oft. Samkvæmt niðurstöðum atriðagreiningar var innri samkvæmni kvarðans Cronbachs' Alpha 0,90.

Skiptir stuðningur og hvatning foreldra börnin máli. Þrjú atriði hlóðu á þátt þrjú. Foreldrar þurftu að hugsa til baka, seinustu þrjú mánuði, áður en þeir svöruðu þessum spurningum og velta fyrir sér hversu oft þeir höfðu talað við

barnið sitt um ákveðin atriði (sjá töflu 1). Svarmöguleikarnir voru fimm frá aldrei til oft. Samkvæmt niðurstöðum atriðagreiningar var innri samkvæmni kvarðans Cronbachs' Alpha 0,94.

Þátttaka foreldra í námi barns. Þrjú atriði hlóðu á þátt fjögur. Eins og í þættinum hér að ofan þurftu foreldrar að velta fyrir sér hversu oft þeir höfðu talað við barnið sitt um ákveðin atriði (sjá töflu 1). Svarmöguleikarnir voru fimm frá aldrei til oft. Samkvæmt niðurstöðum atriðagreiningar var innri samkvæmni kvarðans Cronbachs' Alpha 0,67.

3.2 Stuðningur og hvatning foreldra

Niðurstaða þáttgreiningar, það er stuðningur foreldra í námi barns, hvatning til frekara náms, skiptir stuðningur og hvatning foreldra máli og þátttaka foreldra í námi barns, voru bornar saman eftir búsetu og menntun foreldra (þess sem svaraði spurningalistanum). Í töflu 2 koma fram meðaltalsniðurstöður svara þeirra. Því hærri meðaltöl því meiri stuðningur, hvatning og þátttaka foreldra, 5 = mjög sammála eða oft og 1 = mjög ósammála eða aldrei. Í töflunni koma fram meðaltöl (M) og staðalfrávik (S). Til þess að meta marktækni var notuð margliðadreifigreining (FANOVA).

Tafla 2. Meðaltal svara foreldra eftir búsetu og menntun

	Búseta	Menntun foreldra						Alls	
		Grunnskóla- próf eða annað skyldunám		Framhalds- skólapróf		Háskólapróf		M	S
		M	S	M	S	M	S		
Stuðningur foreldra í námi barns	Reykjavík	4,65	0,41	4,69	0,52	4,59	0,63	4,64	0,56
	Vestfirðir	4,46	0,40	4,59	0,39	4,92	0,17	4,62	0,39
Alls		4,56	0,41	4,67	0,49	4,64	0,59	4,64	0,52
Hvatning til frekara náms	Reykjavík	4,19	1,06	4,29	0,67	4,15	0,91	4,22	0,82
	Vestfirðir	3,94	0,59	4,41	0,56	4,14	0,73	4,19	0,63
Alls		4,06	0,85	4,32	0,64	4,15	0,88	4,21	0,78

Skiptir stuðningur og hvatning foreldra börnin máli Alls	Reykjavík	3,88	0,98	3,46	1,06	2,96	1,27	3,29	1,18
	Vestfirðir	4,05	0,62	3,06	1,63	3,41	1,55	3,48	1,39
		3,97	0,81	3,37	1,21	3,03	1,31	3,34	1,23
Pátttaka foreldra í námi barns Alls	Reykjavík	4,21	0,48	4,27	0,49	4,22	0,66	4,24	0,56
	Vestfirðir	4,36	0,74	4,17	0,75	4,63	0,65	4,34	0,73
		4,28	0,62	4,25	0,55	4,28	0,67	4,27	0,61

Munur kom fram á því hvort stuðningur og hvatning foreldra skipti máli fyrir barn eftir menntun foreldra, $F(2, 153) = 3,75$, $p = 0,03$. Foreldrar með grunnskólapróf eða annað skyldunám töldu frekar en hinir að barn þess teldi stuðning og hvatningu þeirra skipta máli fyrir það, því hærri tala því meira töldu foreldrar að stuðningur og hvatning skipti máli samkvæmt Tukey, $p < 0,05$. Annar marktækur munur kom ekki fram hvorki eftir menntun svaranda né búsetu.

Ef tafla 2 er skoðuð sést að foreldrar svara nokkuð líkt eftir búsetu og menntun, meðaltal helst því í hendur hjá þeim ef heildarniðurstöður eru skoðaðar, 4,64 og 4,62. Þegar þessi þáttur er skoðaður eftir menntun sést að foreldrar á Vestfjörðum með háskólamenntun telja frekar, en foreldrar í Reykjavík með sömu menntun, að þeir styðji barn þess í námi (sjá töflu 2). Það sama má segja um foreldra á Vestfjörðum með háskólapróf þegar þættirnir *skiptir stuðningur og hvatning foreldra börnin máli og þátttaka foreldra í námi barns* eru skoðaðir. Þar svara foreldrar á Vestfjörðum að meðaltali hærra en foreldrar í Reykjavík.

Foreldrar í Reykjavík með framhaldsskólapróf telja frekar en foreldrar með framhaldsskólapróf á Vestfjörðum að barn þess telji stuðning og hvatningu þeirra í námi og til framhaldsnáms skipta máli fyrir það (sjá töflu 2). Foreldrar með framhaldsskólapróf á Vestfjörðum töldu að meðaltali meira en þeir sem voru með grunnskólapróf eða annað skyldunám og háskólapróf að hvatning til frekara náms skipti máli (sjá töflu 2).

3.2 Væntingar foreldra til framhaldsnáms

Foreldrar voru spurðir hvað þeir teldu mikilvægt að barn þess lyki mikilli menntun og voru svarmöguleikarnir: grunnskóla, iðn- eða verknámi, stúdentsprófi, fyrstu gráðu háskólanáms, meistara-gráðu eða doktorsgráðu. Breyturnar iðn- eða verknám og stúdentspróf voru settar saman þar sem það er nám á sama stigi. Í töflu 3 koma fram meðaltöl svarenda eftir menntun og búsetu. Því hærri tala því meiri menntun þar sem 1 = grunnskólapróf og 5 = doktorspróf. 163 svöruðu spurningunni, 121 í Reykjavík og 42 á Vestfjörðum, fjórir svöruðu ekki spurningunni. Í töflunni koma fram meðaltöl (M) og staðalfrávik (S). Til þess að meta marktækni var notuð margliðadreifigreining (FANOVA).

Tafla 3. Mér finnst mikilvægt að barnið mitt ljúki ...

	Búseta	Menntun foreldra						Alls	
		Grunnskóla- próf eða annað skyldunám		Framhalds- skólapróf		Háskólapróf		M	S
		M	S	M	S	M	S		
Mér finnst mikilvægt að barnið mitt ljúki ...	Reykjavík	2,00	0,71	2,65	0,83	2,84	0,62	2,66	0,77
	Vestfirðir	2,08	0,50	2,75	1,00	2,78	0,67	2,53	0,83
	Alls	2,03	0,60	2,67	0,86	2,83	0,62	2,63	0,78

Marktækur munur kom fram á því hversu mikla menntun foreldrar töldu mikilvægt að barn þess myndi ljúka eftir menntun foreldra, $F(2, 149) = 8,95$, $p = 0,000$. Foreldrar með grunnskólapróf eða annað skyldunám töldu frekar en hinir mikilvægt að barn lyki aðeins grunnskólaprófi eða öðru skyldunámi samkvæmt Tukey, $p < 0,05$. Ekki kom fram marktækur munur eftir búsetu, menntunaráhrif eru því meiri en búseta.

Samkvæmt meðaltali svara foreldra telja flestir mikilvægt að barn þess ljúki framhaldsskólaprófi. Því hærri menntun sem foreldrar voru með því meiri væntingar gerðu þeir um hærri menntun barna sinna. Þó er lítil munur á svörum foreldra á Vestfjörðum sem eru með framhaldsskólapróf og háskólapróf, 2,75 á móti 2,78.

3.3 Kostnaður vegna framhaldsnáms

Foreldrar voru spurðir að því hvort kostnaður hefði áhrif á það hvort og þá í hvaða framhaldsskóla barn þess færi. Settar voru fram fullyrðingar og foreldrar svöruðu hversu ósammála eða sammála þeir voru þeim. Í töflu 4 koma fram meðaltöl svara eftir menntun og búsetu þar sem því hærra tala því meira sammála voru foreldrar fullyrðingunni um annars vegar *ég tel að kostnaður vegna framhaldsnáms geti haft áhrif á það hvort barnið mitt fari í framhaldsskóla* og hins vegar *ég tel að kostnaður vegna framhaldsnáms geti haft áhrif á það í hvaða framhaldsskóla barnið mitt fer í*, 1 = mjög ósammála og 5 = mjög sammála. Allir 167 þátttakendurnir svöruðu fyrri fullyrðingunni en 164 þeirri seinni. Í töflunni koma fram meðaltöl (M) og staðalfrávik (S). Til þess að meta marktækni var notuð margliðadreifigreining (FANOVA).

Tafla 4. Kostnaður vegna framhaldsnáms

	Búseta	Menntun foreldra						Alls	
		Grunnskóla- próf eða annað skyldunám		Framhalds- skólapróf		Háskólapróf		M	S
		M	S	M	S	M	S		
... hvort barnið fari í framhaldsskóla	Reykjavík	2,92	1,38	2,32	1,43	2,00	1,25	2,25	1,37
	Vestfirðir	3,15	1,41	2,13	1,31	2,22	1,20	2,50	1,37
Alls		3,04	1,37	2,28	1,40	2,03	1,24	2,31	1,37
... í hvaða framhaldsskóla barnið fer í	Reykjavík	3,10	1,04	2,63	1,37	2,38	1,39	2,56	1,36
	Vestfirðir	3,31	1,32	3,47	1,41	3,11	1,54	3,32	1,37
Alls		3,21	1,18	2,80	1,41	2,50	1,42	2,74	1,40

Munur kom fram á því hvort kostnaður gæti haft áhrif á það hvort barnið fari í framhaldsskóla eftir menntun foreldra, $F(2, 153) = 4,07$, $p = 0,02$. Foreldrar með grunnskólapróf eða annað skyldunám töldu frekar en hinir foreldrarnir að kostnaður gæti haft áhrif á það hvort barn þess færi í framhaldsskóla að loknum grunnskóla, samkvæmt Tukey, $p < 0,05$. Ekki kom fram marktækur munur eftir búsetu og eru menntunaráhrifin því meiri.

Marktækur munur kom fram á því hvort kostnaður gæti haft áhrif á það í hvaða framhaldsskóla barn fari eftir búsetu, $F(1, 150) = 4,46, p = 0,04$. Foreldrar á Vestfjörðum töldu frekar að kostnaður gæti haft áhrif á það í hvaða skóla barn þess fer. Ekki kom fram munur eftir menntun, því eru búsetuáhrifin meiri á þessari breytu.

Foreldrar í Reykjavík með grunnskólapróf eða annað skyldunám töldu frekar en aðrir foreldrar í Reykjavík að kostnaður gæti haft áhrif á það í hvaða framhaldsskóla barn þess færi. Foreldrar með háskólapróf töldu síður en hinir að kostnaður gæti haft áhrif á val um skóla.

3.4 Að missa tengsl við barnið sitt

Spurt var hvort tengsl barns við fjölskyldu myndi minnka ef barnið færi í framhaldsnám að loknum grunnskóla. Foreldrar voru beðnir um að svara hversu ósammála eða sammála þeir væru fullyrðingunum *ég tel að ég missi tengsl við barnið mitt ef það fer í framhaldsskóla og ég tel að tengsl innan fjölskyldunnar verði minni ef barnið mitt fer í framhaldsskóla* og skoðuð eftir búsetu og menntun foreldra (þess sem svaraði spurningalistanum). Í töflu 5 koma fram meðaltöl svara og því hærri meðaltöl því meira telja foreldrar að þeir missi tengsl við barnið sitt og að tengsl innan fjölskyldunnar verði minni. Í töflunni koma fram meðaltöl (M) og staðalfrávik (S). Til þess að meta marktækni var notuð margliðadreifigreining (FANOVA).

Tafla 5. Tengsl barns við fjölskyldu

		Búseta		Menntun foreldra				Alls	
		Grunnskóla- próf eða annað skyldunám		Framhalds- skólapróf		Háskólapróf		M	S
		M	S	M	S	M	S	M	S
... ég missi tengsl við barnið mitt ef ...	Reykjavík	1,85	1,41	1,25	0,48	1,29	0,61	1,33	0,70
	Vestfirðir	2,08	1,04	1,69	0,95	1,56	0,53	1,79	0,91
Alls		1,96	1,22	1,35	0,63	1,33	0,60	1,44	0,78

... að tengsl innan fjölskyldunnar verði minni ef ... Alls	Reykjavík	1,69	1,11	1,18	0,47	1,33	0,73	1,30	0,69
	Vestfirðir	2,23	1,09	1,69	1,01	1,75	1,04	1,89	1,05
	Alls	1,96	1,11	1,30	0,66	1,38	0,78	1,44	0,83

Munur kom fram á því hvort foreldrar telja að þeir missi tengsl við barnið sitt eftir búsetu, $F(1, 153) = 4,40$, $p = 0,04$ og eftir menntun foreldra, $F(2, 153) = 4,74$, $p = 0,01$. Foreldrar á Vestfjörðum töldu frekar að þeir myndu missa tengsl við barnið sitt en foreldrar í Reykjavík. Eins töldu foreldrar með grunnskólapróf eða annað skyldunám frekar að þeir myndu missa tengsl við barnið sitt ef það færi í framhaldsskóla en þeir sem voru með framhaldsskólapróf eða háskólapróf. Því hærri tala því meira töldu foreldrar að þeir misstu tengslin samkvæmt Tukey, $p < 0,05$. Almennt voru foreldrar frekar ósammála því að þeir myndu missa tengsl við barnið sitt ef það færi í framhaldsnám að loknum grunnskóla.

Marktækur munur kom fram á því hvort foreldrar telja að tengsl innan fjölskyldunnar verði minni ef barn þess færi í framhaldsskóla að loknu grunnskólanámi eftir búsetu, $F(1, 151) = 9,37$, $p = 0,003$, og menntun foreldra, $F(2, 151) = 4,00$, $p = 0,02$. Foreldrar á Vestfjörðum töldu frekar en foreldrar í Reykjavík að tengsl innan fjölskyldunnar yrðu minni ef barn þess færi í framhaldsskóla. Einnig töldu foreldrar með grunnskólapróf eða annað skyldunám frekar að tengsl innan fjölskyldunnar myndi verða minna ef barn þess færi í framhaldsskóla að loknu grunnskólanámi en foreldrar með framhaldsskóla- og háskólapróf.

4. Umræða

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna hvort munur væri á stuðningi foreldra í námi barna sinna og hvatningu þeirra til frekara náms í Reykjavík og á Vestfjörðum. Foreldrar barna í 8.-10. bekk grunnskóla, á þessu svæði, tóku þátt í rannsókninni. Niðurstöður gefa til kynna að ekki er munur á stuðningi foreldra í námi barn og hvatningu til framhaldsnáms eftir búsetu. Hins vegar kom fram munur eftir búsetu þegar foreldrar voru spurðir að því hvort þeir teldu sig missa tengsl við barnið sitt ef það fer í framhaldsskóla og hvort kostnaður gæti haft áhrif á það í hvaða framhaldsskóla barn þess færi. Foreldrar á Vestfjörðum töldu frekar en foreldrar í Reykjavík að tengsl þeirra yrðu minni og kostnaður hefði áhrif á val á framhaldsskóla. Einnig kom fram munur á því hversu mikla menntun foreldrar töldu að barn þess myndi ljúka eftir menntun þeirra sjálfra (foreldranna). Því hærri menntun sem foreldrar voru með því meiri væntingar gerðu þeir um hærri menntun barna sinna.

Stuðningur foreldra í námi barns og hvatning til frekara náms var metinn með tilliti til þeirra þátta sem komu fram við þáttagreiningu, það er; stuðningur foreldra í námi barns, hvatning til frekara náms, skiptir stuðningur og hvatning foreldra börnin máli og þátttaka foreldra í námi barns. Almennt studdu foreldrar börn sín í námi og hvöttu þau til frekara náms, óháð búsetu. Búseta fólks virðist því ekki tengjast því hvort foreldrar fylgist til dæmis með hvernig barni þess gengur í grunnskóla, ræði við barnið um framhaldsnám og hvort barninu finnist stuðningur þess skipta máli (sjá fleiri atriði í töflu 1). Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður rannsóknar Kristjönu Stellu Blöndal og Jóns Torfa Jónassonar (2002) þar sem fram kemur að þrír af hverjum fjórum nemendum telja sig hafa fengið nokkra eða mikla hvatningu til náms frá foreldrum. Þeir nemendur sem töldu foreldra hafa veitt sér litla hvatningu og stuðning við nám í grunnskóla voru líklegri til að hætta framhaldsskólanámi.

Rannsóknir benda til þess að foreldrar hafi mikil áhrif á náms- og starfsval barna sinna (Kniveton, 2004; Piquart, Juang og Silbereisen, 2004). Börn eru þar að auki nokkuð ung þegar þau eru komin með ákveðnar hugmyndir um framtíðina, það nám sem þau langar til að fara í og störf sem heilla (Kniveton, 2004; Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson, 2002; Piquart, Juang og Silbereisen, 2004; Schultheiss, Palma og Manzi, 2005). Það er því ekkert skrítið að ungmenni telja mikilvægast að frá hvatningu frá foreldrum eða „fólkinu sínu“ (Erna G. Árnadóttir, 2007) og telja að það hjálpi þeim að vera í skóla og ljúka honum (Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson, 2002; Erna G. Árnadóttir, 2007).

Foreldrar með grunnskólapróf töldu frekar en foreldrar með framhalds- og háskólapróf að barn þess teldi stuðning í námi og hvatningu þeirra til frekara náms skipta máli fyrir það. Samkvæmt rannsóknum vilja nemendur fá stuðning í námi og hvatningu til frekar náms frá foreldrum en þeir leita jafnframt frekar til þess foreldris sem er með meiri menntun að baki og getur hjálpað þeim (Erna G. Árnadóttir, 2007; Gerður G. Óskarsdóttir, 1993; Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson, 2002; Piquart, Juang og Silbereisen, 2004). Talið er líklegt að foreldrar með framhaldsmenntun eigi auðveldara með að hvetja börn sín áfram í námi vegna reynslu sinnar (Anguiano, 2004). Af þessu mætti ætla að foreldrar með framhaldsskólapróf eða háskólapróf teldu frekar en þeir sem eru með grunnskólapróf að stuðningur þeirra skipti máli fyrir barn þess. Þeir foreldrar sem eru með grunnskólapróf eða annað skyldunám hafa ef til vill viljað fara í meira nám en fengu ekki þann stuðning eða hvatningu sem þurfti til að halda áfram. Þetta er efni í frekari rannsókn.

Langflestir 16 ára nemendur hér á landi hefja framhaldsnám að loknum grunnskóla eða um 96% árgangs haustið 2009 (Hagstofa Íslands, e.d.a; b). Það má velta því fyrir sér af hverju svona margir fara í nám að loknum grunnskóla, gæti það verið vegna þess að foreldrar almennt hvetji börn sína til frekara náms eða það sé orðin hefð fyrir því að nemendur fari í nám að loknum grunnskóla. Því verður ekki svarað hér. Hins vegar kemur hér fram að meirihluti foreldra, burt séð frá búsetu, hvetur börn sín til frekara náms með því að ræða við barnið um framhaldsnám og hvort það ætli sér að fara í framhaldsskóla að loknu grunnskólanámi. Í rannsókn Jóns Torfa Jónassonar og Kristjönu Stöllu Blöndal

(2002) á '75 árganginum kemur fram að 16% nemenda á Vestfjörðum skráðu sig aldrei í framhaldsskóla eftir grunnskóla á móti 5% í Reykjavík. Það er spurning hvort foreldrar þessara nemenda ('75 árgangsins) hafi ekki hvatt þá til frekara náms eða hvort hefðin í fjölskyldunni sé sú að framhaldsnám sé óþarfi, *habitus* fjölskyldunnar.

Aðgengi að framhaldsskóla virðist ekki hafa áhrif á það hvort foreldrar á Vestfjörðum hvetji börn sín til framhaldsnáms að loknum grunnskóla. Ungmenni á Vestfjörðum búa yfir allt öðru aðgengi að framhaldsskólum miðað við jafnaldra sína í Reykjavík. Færri skólar eru í nær samfélaginu, minna val um námsbrautir og fleira (Axel Hall, Ásgeir Jónsson og Sveinn Agnarsson, 2002; Björg Ágústsdóttir, 2006; Efnahags- og viðskiptaráðuneytið, 2003; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2006; Ólafur Arngrímsson, 2006). Fróðlegt væri að skoða þennan þátt enn frekar með stærra úrtak. Niðurstöðurnar eru jákvæðar og sérstaklega fyrir þá sem búa í smærri byggðarlögum á Vestfjörðum. Foreldrar eru meðvitaðir um það að framhaldsskólanám skiptir máli upp á framtíðina og líta ef til vill á menntun barna sinna sem ákveðna fjárfestingu.

Munur kom fram á væntingum foreldra til framhaldsnáms barna sinna eftir menntun þeirra sjálfra en ekki eftir búsetu. Því meiri menntun sem foreldrarnir höfðu því meiri væntingar gerðu þeir til aukinnar menntunar barna sinna. Þetta er í samræmi við aðrar rannsóknir sem gerðar hafa verið á tengslum milli menntunar foreldra og skólagöngu barna þeirra. Börn sem eiga ómenntaða foreldra eru líklegri til þess að fara fyrir út á vinnumarkaðinn en þeir sem eiga menntaða foreldra (Anguiano, 2004; Gerður G. Óskarsdóttir, 1993; Piquart, Juang og Silbereisen, 2004; Rumberger, 1995). Þeir nemendur sem ljúka ekki framhaldsnámi eru að mörgu leyti verr staddir í dag en áður, hvað varðar möguleika á vinnumarkaði. Það eru meiri líkur á að þeir verði atvinnulausir, fá störf sem eru verr launuð og sýni andfélagslega hegðun (Gerður G. Óskarsdóttir, 1995; Murray, 2000; OECD, 2006; Rumberger og Thomas, 2000). Atvinnuleysi hér á landi í júlí 2010 var 7,5% á meðan það var 2,3% í júlí 2002 (Vinnumálastofnun, 2002).

Þegar foreldrar voru spurðir að því hvort kostnaður vegna framhaldsnáms gæti haft áhrif á það hvort barn þess fari í framhaldsskóla að loknum grunnskóla kom fram munur eftir menntun foreldra en ekki búsetu. Foreldrar með grunnskólapróf

töldu frekar en hinir að kostnaður gæti haft áhrif. Þar gætu launamál haft áhrif. Þeir sem eru með litla sem enga menntun fá verr launuð störf en þeir sem hafa sérhæft sig á einhverju sviði (farið í framhaldsnám) (Gerður G. Óskarsdóttir, 1995; Murray, 2000; OECD, 2006; Rumberger og Thomas, 2000). Það er vitað mál að kostnaður vegna framhaldsskólanáms er mikill, einkum þegar fólk þarf að senda barnið sitt í burtu og halda jafnvel úti tveimur heimilum. Það gefur því auga leið að aðstæður foreldra barna á Vestfjörðum (smærri byggðarlögum) og í Reykjavík eru ólíkar og foreldrar þurfa að velta fyrir sér allt öðrum hlutum þegar kemur að því að senda barn í framhaldsskóla. Þetta gætu verið spurningar sem foreldrar á Vestfjörðum velta fyrir sér: Hvar getur barnið mitt búið á meðan á skólagöngu stendur? Er barnið mitt tilbúið að standa á eigin fótum? Getur það séð um sig sjálft aðeins 16 ára gamalt – þvegið af sér, eldað fjölbreytta fæðu og mætt á réttum tíma í skólann? Þetta eru hins vegar jákvæðar niðurstöður í ljósi þess að foreldrar á Vestfjörðum láta kostnað vegna framhaldsnáms barna sinna ekki hafa áhrif á þá ákvörðun að þeir vilja að barnið fari í framhaldsskóla.

Munur kom fram eftir búsetu en ekki menntun foreldra þegar þeir voru spurðir að því hvort þeir telji að kostnaður vegna framhaldsnáms geti haft áhrif á það í hvaða framhaldsskóla barn þess fer að loknum grunnskóla. Foreldrar á Vestfjörðum vilja að börn þeirra fari í framhaldsskóla en telja að kostnaður geti ráði því í hvaða skóli barnið fer. Þeir þurfa að huga að einum stórum þætti sem ekki þarf að huga að í Reykjavík, það er húsnæði. Á Ísafirði er starfræktur eini heildstæði framhaldsskólinn á Vestfjörðum, sem er gott og gilt, en ef til vill eru ekki allir sáttir við það að hafa ekki um fleiri skóla að velja. Vandí skólanna á landsbyggðinni er stærð þeirra sem veldur því að fjölbreytt námsval er takmarkað. Nemendur geta byrjað á einhverju námssviði, til dæmis í iðngrein, en geta ekki lokið henni þar (Bjarki Jóhannesson, 2001). Ókosturinn við það að geta ekki klárað nám í heimabyggð er sá að miklar líkur eru á því að nemandinn snúi ekki heim aftur að námi loknu eða að hann ljúki ekki formlegu námi (Björg Ágústsdóttir, 2006; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2006).

Líkurnar á því að nemandi af landsbyggðinni sem lýkur námi í Reykjavík snúi heim aftur eru ekki miklar því höfuðborgarsvæðið hefur mesta tilkall til menntaðra einstaklinga á meðan menntunarstig landsbyggðarinnar minnkar (Axel Hall, Ásgeir Jónsson og Sveinn Agnarsson, 2002; Gerður G. Óskarsdóttir, 1993).

Það að snúa ekki heim aftur að námi loknu getur haft áhrif á fjölskyldutengsl. Foreldrar gætu haft áhyggjur af því að tengsl rofni við þá eða innan fjölskyldunnar. Þegar þessir þættir voru skoðaðir kom fram munur eftir búsetu og menntun foreldra. Foreldrar á Vestfjörðum töldu frekar en foreldrar í Reykjavík að tengsl við barn þess myndu minnka ef það færi í framhaldsskólanám að loknum grunnskóla. Þessar niðurstöður komu fram að teknu tilliti til menntunar foreldra, það er hvort sem foreldrar hafa lokið grunnskóla-, framhaldsskóla- eða háskólaprófi óttast foreldrar á Vestfjörðum meira en foreldrar í Reykjavík að tengsl við börnin sín minnki ef þau fara í framhaldsskólanám. Þar hefur nálægð við framhaldsskóla líklega eitthvað að segja. Þegar ungmenni hefja framhaldsskólagöngu eru þau um 16 ára og það er viðkvæmur tími fyrir þau að fara að heiman, hægt að líkja því við að verið sé að slíta fjölskyldu í sundur. Það getur tekið á foreldra að horfa á eftir barni sínu flytja að heiman og þurfa að standa á eigin fótum, ef til vill langt frá heimabyggð sinni. Oft fer það þannig að foreldrar flytja annað hvort með barni sínu eða á eftir því (Björg Ágústsdóttir, 2006; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2006). Af þessu má ætla að foreldrar á Vestfjörðum standi frammi fyrir erfiðri ákvörðun þegar kemur að því að hvetja barnið sitt til framhaldsskólagöngu að grunnskóla loknum, að minnsta kosti allt annarri en þeir sem búa í Reykjavík eða á höfuðborgarsvæðinu standa frammi fyrir. Foreldrar þar geta að öllum líkindum haft barnið lengur heima án þess að hafa áhyggjur af kostnaði sem fylgir því að senda það í burt í nám. Þeir geta fylgst með því sem það er að læra, stutt það og hvatt áfram. Áhugavert væri að skoða nánar þann þátt sem snýr að kostnaði vegna framhaldsnáms barns eftir búsetu.

Upplýsingar um stuðning og hvatningu í þessari rannsókn koma frá foreldrum barna og hvernig þeir upplifa þau atriði sem spurt var um í gegnum barnið sitt, því verður að fara varlega í ályktanir um orsakasamhengi. Það getur margt orsakað það að foreldrar svara ólíkt, til dæmis líðan þeirra eða tilfinningar sem þeir bera í garðs skólans og náms almennt. Hins vegar eru niðurstöður þessarar rannsóknar í samræmi við niðurstöður fyrri rannsókna og því mikilvægt skref í rannsóknum á stuðningi og hvatningu foreldra í námi barns og til framhaldsskólagöngu þeirra. Næsta skref er að gera sambærilega rannsókn með stærra úrtaki og spyrja nánar til dæmis út í búsetuþáttinn – hvað gæti valdið því að foreldrar á Vestfjörðum telja

frekar en foreldrar í Reykjavík að þeir missi tengsl við barnið sitt ef það fer í framhaldsnám að loknum grunnskóla.

Megin markmið rannsóknarinnar var að athuga hvort munur væri á stuðningi foreldra við nám barna sinna í grunnskóla og hvatningu til framhaldsskólanáms að loknum grunnskóla. Niðurstöðurnar sýna að ekki er munur á stuðningi og hvatningu foreldra óháð búsetu. Foreldrar á Vestfjörðum óttast frekar en foreldrar í Reykjavík að missa tengsl við barnið sitt ef það fer í framhaldsskóla og þeir telja að kostnaður hafi áhrif á það hvaða skóli verður fyrir valinu. Vonast er til að niðurstöðurnar nýtist sem innlegg í umræður um mikilvægi framhaldsskóla í heimabyggð og að foreldrar haldi áfram að styðja börn sín í námi og til frekara náms.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá framhaldsskóla. *Almennur hluti*. (2004). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Aðalsteinn Þorsteinsson. (2007). Er virk byggðastefna á Íslandi? *Morgunblaðið* 12. maí.
- Alþingi* 125. þing. Þingskjal nr. 159 og 237.
- Anguiano, R. P. V. (2004). Families and schools. The effect of parental involvement on high school completion. *Journal of Family Issues*, 25(1), 61-85.
- Arnold, J. (2004). The congruence problem in John Holands's theory of vocational decisions. (Rafræn útgáfa). *Journal of Occupational and Organizational Psychology*, 77, 95-144.
- Axel Hall, Ásgeir Jónsson og Sveinn Agnarsson. (2002). *Byggðir og búseta: Þéttbýlismyndun á Íslandi*. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Sótt 3. júlí 2006 af www.hi.is/~ajonsson/kennsla2006/Master-7.pdf
- Ásgeir Jónsson. (2001). Leiða betri vegir til fólksfækkunar? *Viðskiptablaðið*, júlí.
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna*.
- Bjarki Jóhannesson. (2001). *Þáttur menntunar í byggðapróun*. Erindi flutt á ráðstefnunni Menntun í dreifbýli sem fram fór í Stórutjarnaskóla í Ljósavatnsskarði 28. apríl 2001. Sótt 23. mars 2007 af <http://www.ismennt.is/vefir/sfs/radstefna01/vefprestur.htm>
- Björg Ágústsdóttir. (2006). Íbúafjölgun og hugur í fólki. *Sveitastjórnarmál*. 2(66), 16-19.
- Bourdieu, P. (1984). *Distinction: A Social Critique of the Judgement of Taste*. London: Routledge and Kegan.
- Bourdieu, P. (1997). *Outline of the Theory of Practise*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Bourdieu, P. (1990). *The Logic of Practise*. California: Stanford University Press.
- Bourdieu, P. og Passeron, J. C. (1977). *Reproduction in Education, Society and Culture*. London: Sage.

- Corey, G. (2005). *Theory and practice of counseling and psychotherapy* (7. útg.). CA: Brooks/Cole-Thomson Learning.
- Efnahags- og viðskiptaráðuneytið. (2003). *Fólk og fyrirtæki: Um búsetu og starfsskilyrði á landsbyggðinni*. Sótt 20. júní 2010 af <http://www.efnahagsraduneyti.is/media/Acrobat/busetu.pdf>
- Einar Guðmundsson og Árni Kristjánsson. (2005). *Gagnavinnsla í SPSS*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Elín Thorarensen. (1998). *Samstarf heimila og framhaldsskóla: Viðhorf nemenda, foreldra og kennara*. Óbirt MA-ritgerð: Kennaraháskóli Íslands.
- Elín Thorarensen. (2004). *Staða samstarfs heimila og framhaldsskóla á Íslandi í upphafi 21. aldar*. Sótt 31. júlí 2007 af http://www.heimiliogskoli.is/foreldrasamstarf/framhaldsskolar/103_elint_framhaldsskolarogforeldrar.pdf
- Erna G. Árnadóttir. (2007). *Stuðningur foreldra við nám framhaldsskólanema: Hvað vilja unglíngarnir sjálfir?* Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Eygló Eyjólfsdóttir. (2006). Framhaldsskóli í mótun. *Uppeldi og menntun*, 15(1), 113-118.
- Fan, X. (2001). Parental Involvement and Students' Academic Achievement: A Growth Modeling Analysis. *Journal of Experimental Education*, 70(1), 27-61.
- Fan, X. og Chen, M. (2001). Parental Involvement and Students' Academic Achievement: A Meta-Analysis. *Educational psychology review*, 13(1), 1-22.
- Gerður G. Óskarsdóttir. (1993). Hætt í skóla: Nám og aðstæður nemenda sem hætta í skóla eftir tvö ár í framhaldsnámi eða fyrr. *Uppeldi og menntun*, 2(1), 53-67.
- Gerður G. Óskarsdóttir. (1995). *The forgotten half. Comparison of dropouts and graduates in their early work experience. The Icelandic case*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Gerður G. Óskarsdóttir. (2000). *Frá skóla til atvinnulífs. Rannsóknir á tengslum menntunar og starfa*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Gonzalez, A. L. (2006). The Relation Between Perceived Parenting Practices and Achievement Motivation in Mathematics. *Journal of Research on Childhood Education*, 21(2), 203-217.
- Guðbjörg Vilhjálmsdóttir. (2005). Habitus íslenskra unglíngja. Í Úlfar Hauksson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VI Félagsvísindadeild*. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2005. (bls. 77-86). Reykjavík: Félagsvísindastofnun – Háskólaútgáfa.

- Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Guðrún Á. Stefánsdóttir. (2006). Búseta – verkmenning – virðing starfa. Í Úlfar Hauksson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VII Félagsvísindadeild*. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2006. (bls. 79-92). Reykjavík: Félagsvísindastofnun – Háskólaútgáfa.
- Hagstofa Íslands. (e.d.a.). *Skólasókn á framhaldsskólastigi eftir kyni, aldri og landsvæðum 1999-2009*. Sótt 3. júlí 2010 af <http://www.hagstofan.is/Hagtolor/Skolamal/Framhaldsskolar>
- Hagstofa Íslands. (e.d.b.). *Mannfjöldi eftir kyni, aldri og hjúskapastétt 1997-2006*. Sótt 23. júlí 2007 af <http://www.hagstofa.is/Hagtolor/Mannfjoldi/Fjolskyldan>
- Hagstofa Íslands. (2007). Nokkrir megindrættir í búferlaflutningum 1986-2006. *Hagtíðindi. Mannfjöldi*, 92(11), 1-28.
- Hagstofa Íslands. (2008). Nemendur og námslok við 24 ára aldur. *Hagtíðindi. Skólamál*, 93(3), 1-16.
- Hagstofa Íslands. (2010). Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2009. *Hagtíðindi, Skólamál*, 95(4), 1-28.
- Helga M. Steinsson. (2001). *Hvað ætla þau að verða? Áhrif tækifæra og tilviljana á starfsþroska ungs fólks*. Óbirt M.Ed. ritgerð: Kennaraháskóli Íslands
- Holton, R. (2000). Bourdieu and common sense. Í N. Brown og I. Szeman (Ritstj.). *Pierre Bourdieu: Fieldwork in culture* (bls. 87-100). Maryland: Rowman & Littlefield Publishers, Inc..
- Hoover-Dempsey, K. V. og Sandler, H. M. (1995). Parental involvement in children's education: Why does it make a difference? *Teachers College Record*, 97(2), 310-331.
- Jón Torfi Jónasson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir. (1992). *Námsferill í framhaldsskóla*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal. (2002). *Ungt fólk og framhaldsskólinn. Rannsókn á námsgegni og afstöðu 75 árgangsins til náms*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfa.
- Jónas Pálsson, Amalía Björnsdóttir og Ólafur H. Jóhannsson. (2005). *Grunnskólar í ólíkum byggðarlögum: Dalvíkurskóli*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Kennarasamband Íslands. (e.d). *Skólastefna fyrir grunnskóla 2005-2008*. Sótt 31. júlí 2007 af <http://www.ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=2047>
- Kniveton, B. H. (2004). The influences and motivations on which students base their choice of career. *Research in Education*, 72, 47-59.

Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson. (2002). *Brottfall úr námi: Afstaða til skóla, félagslegir og sálfræðilegir þættir*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

McNeal, R. B. (1999). Parental involvement as social capital: Differential effectiveness on science achievement, truancy and dropping out. *Social Forces*, 78(1), 117-144.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2006). *Skýrsla nefndar um staðsetningu nýrra framhaldsskóla* (Eingöngu á rafrænu formi). Sótt 20. júní 2010 af http://bella.stjr.is/utgafur/skyrsla_stadsetning_nyrra_frnsk.pdf.

Menntastefna Kennarasambands Íslands. (e.d.). *Grunnmenntun*. Sótt 31. júlí 2007 af <http://www.ki.is/Pages/482>

Murray, Å. (2000). Changes in the labour market for young adults without further education and training. *Journal of Education and Work*, 13(3), 327-347.

NELS 88. (e.d.). *National Education Longitudinal Study of 1988*. Sótt 28. febrúar 2009 af <http://nces.ed.gov/surveys/NELS88/>

OECD. (2002). *Education at a Glance. OECD Indicators 2002*. Paris: OECD.

Ólafur Arngrímsson. (2006). Skóli er fámennu samfélagi mikilvægur. *Sveitastjórnarmál*, 1(66), 10-11.

Pinquart, M., Juang, L. P. og Silbereisen, R. K. (2004). The role of self-efficacy, academic abilities, and parental education in the change in career decisions of adolescents facing German unification. *Journal of Career Development*, 31(2), 125-142.

Rumberger, R. W. (1995). Dropping out of middle school: A multilevel analysis of students and schools. *American Educational Research Journal*, 32(3), 583-625.

Rumberger, R. W. og Thomas, S. L. (2000). The distribution of dropout and turnover rates among urban and suburban high schools. *Sociology of Education*, 73(1), 39-67.

Schultheiss, D. E. P., Palma, T. V. og Manzi, A. J. (2005). Career development in middle childhood: A qualitative inquiry. *The career development quarterly*, 53(3), 246-262.

Sharf, R. S. (2006). *Applying career development theory to counseling*. Canada: Thomson Brooks/Cole.

Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal. (2005). Brotthvarf ungmenna frá námi og uppeldisaðferðir foreldra: Langtímarannsókn. *Tímarit um menntarannsóknir*, 2, 11-23.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. (2001). *Skýrsla nefndar um framtíðarmöguleika fiskvinnslunnar – október 2001*. 13. kafli Fiskvinnsla og búseta greinargerð Dr. Bjarki Jóhannesson sótt 20. júlí 2010 af <http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/utgefid-efni/sjreldra/nr/178>.

Vinnumálastofnun. (2002). *Atvinnuleysi í júlímánuði 2002*. Sótt 7. september 2010 af <http://vinnumalastofnun.is/frettir/eldra/2002/8/>.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1

Líney Björg Sigurðardóttir
Þorláksgæisla 17
113



Persónuvernd


Rauðarásveg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 hréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
vefvang: personuvernd.is

Reykjavík 9. mars 2009
Tilvísun: S4302/2009/ LSI/--

Hér með staðfestist að Persónuvernd hefur móttækið tilkynningu í yðar nafni um vinnslu persónuupplýsinga. Tilkynningin er nr. S4302/2009 og fylgir afrit hennar hjálágt.

Allar tilkynningar sem berast Persónuvernd birtast sjálfkrafa á heimasíðu stofnunarinnar. Tekið skal fram að með móttöku og birtingu tilkynninga hefur engin afstaða verið tekin af hálfu Persónuverndar um efni þeirra.

Virðingarfyllt,


Lára Sigurður Lárusson

Hjál: - Tilkynning nr. S4302/2009 um vinnslu persónuupplýsinga.

Fylgiskjal 2

Reykjavík, 13. maí 2009

Kæri þátttakandi!

Ég undirrituð, Líney Björg Sigurðardóttir, er nemandi í meistaranámi í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands. Um þessar mundir er ég að vinna rannsókn á stuðningi og hvatningu foreldra til framhaldsnáms barna þeirra eftir grunnskóla.

Spurningalistinn er sendur til þín í gegnum skólann sem barnið þitt er í og þú ert beðin/n um að svara honum eins fljótt og unnt er. Niðurstöður spurningarkönnunar koma fram í meistararitgerð minni sem hægt verður að nálgast á Þjóðarbókhlöðunni í Reykjavík eftir útskrift rannsakanda.

Könnunin hefur verið tilkynnt til Persónuverndar.

Spurningalistinn er nafnlaus og hvergi á að koma fram námkvæm búseta þannig að við úrvinnslu **á ekki að vera hægt að rekja neinar upplýsingar til einstaklinga**. Að úrvinnslu lokinni verður öllum gögnum eytt.

Með þessu bréfi bið ég þig að taka þátt í rannsókninni. Athugaðu að þér er ekki skylt að svara einstökum spurningum né spurningalistanum í heild. Ég væri þér hins vegar afar þakklát ef þú sæir þér fært um að svara öllum spurningunum. Mjög mikilvægt er að sem flestir svari svo niðurstöður verði áreiðanlegar.

Þitt svar skiptir því miklu máli.

Með fyrirfram þökk fyrir mikilvægt framlag.

Líney Björg Sigurðardóttir

lineybs@gmail.com